

Búnaðarsamband Suðurlands

Ársrit 2022

53. árgangur 1. tbl. 2023



BÚNAÐARSAMBAND SUÐURLANDS

Stofnað 6. júlí 1908

Búnaðarfélag 31, búgreinafélag 5, félagatala 1195, mars 2023.

Aðalstjórn:

Gunnar Kr. Eiríksson, Túnsbergi, í stjórn frá 2008, formaður frá 2016.

Helgi Eggertsson, Kjarri, í stjórn frá 2017.

Björn Helgi Snorrason, Kálfafelli, í stjórn frá 2019.

Hulda Brynjólfsdóttir, Tyrfingsstöðum, í stjórn frá 2021.

Páll Eggertsson, Arngeirsstöðum, í stjórn frá 2021.

Gunnar Sigurjónsson, Litla-Hofi, í stjórn frá 2022

Varstjórn:

Pórunn Andrésdóttir, Bryðjuholti.

Ragnar Finnur Sigurðsson, Litla-Ármóti.

Borghildur Kristinsdóttir, Skarði.

Sigurður Sæmundsson, Skeiðvöllum.

Magnús Örn Sigurjónsson, Pétursey.

Anna Sigurbjörg Sævarsdóttir, Miðskeri.

Skoðunarmenn:

Valdimar Guðjónsson Gaulverjabæ, frá 2018.

Aðalbjörg Ásgeirsdóttir, Stóru-Mörk, frá 2022

Varaskoðunarmaður:

Pétur Guðmundsson, Hvammi.

Búnaðarsamband Suðurlands starfsmenn:

Sveinn Sigurmundsson, frá 1983, frkvstj. frá 1. okt. 1987

Helga Sigurðardóttir, frá 1. sept. 1999

Brynja Marvinsdóttir, frá 1. ágúst. 2010

Sími

480-1801

480-1804

480-1800

Bændabókhalld ehf. starfsmenn:

Ólafur Þór Þórarinsson, Selfossi

Gunnar Ríkharðsson, Selfossi

Anna Rúnarsdóttir, Selfossi

Hansína Kristjánsdóttir, Selfossi

Eiríkur Jónsson, Gýgjarhólskoti

Sigrún Böðvarsdóttir, Prestsbakka

480-1802

480-1833

480-1831

480-1832

486-8987

480-1819

Stóra Ármót ehf, bústjórar:

Hilda Pálmadóttir og Höskuldur Gunnarsson frá 1. sept 2001

482-1058

Kynbótastöð ehf. starfsmenn og starfssvæði:

Sveinn Sigurmundsson, framkvæmdastjóri frá 1. maí 1996

Úlfhéðinn Sigurmundsson

Starfssvæði: Uppsveitir Árnassýslu, efri hluti Skeiða, bæjir í Grímsnesi og Laugardal.

Guðmundur Jón Skúlason

Starfssvæði: Frá Selalæk á Rangárvöllum vestur að Þjórsá. Neðri hluti Árnassýslu og neðri hluti Skeiða.

Hermann Árnason

Starfssvæði: Frá Lambhaga á Rangárvöllum og austur að Lækjarbakka í Mýrdalshreppi.

Bæir í Rangárþingi eystra, Mýrdalshreppi og hluti af Rangárþingi ytra.

Sigríður Böðvarsdóttir *Starfssvæði: Skaftárhreppur*

Orri Brandsson *Starfssvæði: Austur Skaftafellssýsla*

Eyþór Karl Ingason *Starfssvæði: Austurland/Hérað, Seyðis- og Norðfjörður*

Sigurður Max Jónsson *Starfssvæði: Austurland, Suður-Firðir*

Sími

480-1801

871-5563

871-2056

871-1410

871-4719

846-0058

892-9439

858-7989

Klaufssnyrting Kynbótastöðvar ehf:

Birkir Þrastarson, Hæli

897-4482

Sauðfjársæðingar Kynbótastöðvar ehf.

Sveinn Sigurmundsson, umsjón frá 1. apríl 1986

480-1801

Formenn búnaðar- og búgreinafélaga

Formenn búnaðarfélaga

- Ölfus:** Kjartan Þ. Ólafsson, Hlöðutúni, 816, Selfoss
- Grímsnes:** Ágúst Gunnarsson, Stærri-Bæ, 805 Selfoss
- Bláskógabyggð:** Hermann Geir Karlsson, Miðdalskoti, 804 Selfoss
- Hrunamannahreppur:** Oddur Ólafsson, Hrepphólum, 846 Flúðir
- Gnúpverjahreppur:** Oddgeir Eiríksson, Sandlækjarkoti, 804 Selfoss
- Skeiðahreppur:** Ingvar Hersir Sveinsson, Reykjahlíð, 804 Selfoss
- Hraungerðishreppur:** Ragnar Finnur Sigurðsson, Litla-Ármóti 803 Selfoss
- Sandvíkurhreppur:** Ari Páll Ögmundsson, Stóru-Sandvík, 801 Selfoss
- Eyrbakka:** Jón Ingi Jónsson, Gamla-Hrauni 2, 820 Eyrbakka
- Stokkseyrarhreppur:** Björn Harðarson, Holti, 801 Selfoss
- Gaulverjabæjarhreppur:** Stefán Geirsson, Gerðum, 803 Selfoss
- Villingaholtshreppur:** Reynir Þór Jónsson, Hurðarbaki, 803 Selfoss
- Ásahreppur:** Egill Sigurðsson, Berustöðum, 851 Hella
- Djúpárhreppur:** Birkir Ármannsson, Brekku, 851 Hella
- Holtahreppur:** Daníel Svanur Ólafsson, Guttormshaga, 851 Hella
- Landmanna:** Hannes Ólafsson, Austvaðsholti, 851 Hella
- Rangárvellir:** Björgvin Reynir Helgason, Lambhaga, 851 Hella
- Hvolhreppur:** Birkir Arnar Tómasson, Móeiðarhvoli 2, 861 Hvolsvöllur
- Fljótshlíð:** Páll Eggertsson, Arngeirsstöðum, 861 Hvolsvöllur
- Vestur-Landeyjar:** Jóhann Rúnar Sævarsson, Stíflu, 861 Hvolsvöllur
- Austur-Landeyjar:** Sigurður Óli Sveinbjörnsson, Krossi, 861 Hvolsvöllur
- Vestur-Eyjafjöll:** Eyvindur Ágústsson, Stóru-Mörk III, 861 Hvolsvöllur
- Austur-Eyjafjöll:** Magðalena K. Jónsdóttir, Drangshlíðardal, 861 Hvolsvöllur
- Dyrhólahreppur:** Magnús Örn Sigurjónsson, Eystri-Pétursey, 871 Vík
- Hvammshreppur:** Ingi Már Björnsson, Suður-Fossi, 871 Vík
- Álftaver:** Þorbergur Jónsson, Holti, 880 Kirkjubæjarklaustur
- Skaftártunga:** Bergur Sigfússon, Austurhlíð, 880 Kirkjubæjarklaustur
- Leiðvallahreppur:** Hörður Daði Björgvinsson, Efri-Ey, 880 Kirkjubæjarklaustur
- Kirkjubæjarhreppur:** Þórarinn Bjarnason, Þykkvabæ, 880 Kirkjubæjarklaustur
- Hörgslandshreppur:** Bjarki V. Guðnason, Mariubakka, 880 Kirkjubækjarklaustur
- Austur-Skaftafellssýslu:** Anna Sigurbjörg Sævarsdóttir, Miðskeri, 781 Höfn

Formenn búgreinafélaga á Suðurlandi:

- Félag kúabænda Suðurlandi:** Aðalbjörg Rún Ásgeirsdóttir, Stóru-Mörk III
- Félag sauðfjábænda V-Skaftafellssýslu:** Sigurjón Fannar Ragnarsson, Þykkvabæ 3
- Félag sauðfjábænda Rangárvallasýslu:** Hjalti Sigurðsson, Raftolti
- Félag sauðfjábænda Árnessýslu:** Þorsteinn Logi Einarsson, Egilsstaðakoti
- Loðdýraræktarfélag Suðurlands:** Hjalti Logason, Neðri-Dal

Mynd á forsíðu: Landmannalaugar. Ljósmynd Halla Eygló Sveinsdóttir (H.E.S.)

Skýrsla formanns

Gunnar Kristinn Eiríksson

Á síðasta aðalfundi BSSL sem haldinn var á Hótel Dyrhólaey 8.mars, voru gerðar lagabreytingar sem taka mið af breyttu félagskerfi og einnig að Austur Skaftfellingar höfðu óskað eftir að sameinast okkur. Helstu breytingar vegna þessara sameininga er að fjölgað er í stjórn úr 5 í 6.

Var Gunnar Sigurjónsson Hofi Öräfum kosinn í stjórn en að öðru leiti er stjórnin óbreytt. Á síðasta ári voru haldnir 5 formlegir stjórnarfundir.

Á síðasta Búnaðarþingi var samþykkt tillaga um endurskoðun á sæðingum til jöfnunar á sæðingarkostnaði á landsvísu og hafa verið haldnir 2 fundir vegna þess. Einnig fórum við Helgi og Sveinn á fund með Sigurði Þór veitustjóra Selfossveitna og í skoðunarferð í Lambhagatá en þar eru talsverðar framkvæmdir.

Nú er verið að skoða á Stóra Ármóti betri nýtingu á búfjáraburði og einnig er verkefnið Loftslagsvænn landbúnaður þar í gangi og verður gaman að fylgjast með framvindu þess. Mælingabás er væntanlegur í Stóra Ármót til að mæla metanlosun frá kúm og er þetta til að vita meira um heildarlosun íslenskra kúa.

Aukið samstarf hefur verið við LbhÍ með námskeiðahald í sauðfjársæðingum, beiðslisgreiningu, jarðrækt og plægingum, einnig er verið að

skoða að halda bókhaldsnámskeið.

Í júlí var ráðstefnan NØK haldin á Íslandi og voru um 70 þátttakendur. Kom BSSL að skipulagi og framkvæmd hennar og eru Sveini færðar þakkir fyrir hans framlag.

Tveir rafbílur eru nú í notkun í sæðingarstarfsemi og hefur verið fróðlegt að fylgjast með reynslu á notkun þeirra. Ljóst er að varabílar þurfa að vera til taks þegar færð er sem verst.

Þörf var á að endurnýja klaufsnyrtingarbásinn, sá nýji er kominn og er verið að taka hann í notkun þessa dagana.

Hrútafundir voru haldnir í haust sem voru allvel sóttir en þeir hafa ekki verið tvö undan farin haust út af covid.

Eftir lagabreytingar á síðast aðalfundi gerði RSK athugasemd vegna slita í lögum BSSL. En þar yrði að koma fram að hagnaður og eignir fyrirtækisins yrðu að renna til þriðja aðila og helst til góðgerðarfélags.

Sveinn og Þórir endurskoðandi lentu þessu ein-kennilega máli farsællega.

Ég vil að lokum þakka starfsfólki og bændum ánægjuleg samskipti á árinu.

Gunnar K. Eiríksson.



Mynd: Hreindýr á Reynivöllum í Suðursveit

Ljósmynd Halla Eygló Sveinsdóttir

Starfsemi Búnaðarsambandsins 2022

Sveinn Sigurmundsson

Illviðrasamt á landinu frá upphafi árs og fram í miðjan mars. Janúar var umhleypingasamur en snjóléttur. Í febrúar var kalt og snjópungt á landinu sem hafði áhrif á samgöngur. Fram eftir marsmánuði var umhleypinga- og illviðrasamt. Mars var úrkomusamur um sunnan- og vestanvert landið og mældist úrkomun þar sums staðar sú mesta sem vitað er um í marsmánuði.

Vorið var hlýtt og hægviðrasamt og tíð almennt góð.

Sumarið var fremur kalt og mjög hlýr dagar voru fáir. September var þó hlýr og hægviðrasamur um land allt.

Árinu lauk svo með tveimur óvenjulegum, en afar ólíkum mánuðum.

Nóvember var hlýr. Þetta var hlýjasti nóvembermánuður á landsvísi frá upphafi mælinga. Austlægar áttir voru ríkjandi allan mánuðinn sem er hagstæð átt á Suðurlandi.

Það var kaldasti desembermánuður á landsvísi í 50 ár og í Reykjavík í rúm 100 ár. Loftþrýstingur var sérlega hár á landinu í desember, vindur hægur og það var óvenju þurr og bjart, suðvestanlands þangað til 16. desember en þá snjóaði mikið með tilheyrandi ófærð og samgöngutrufnunum. Það var sannkallað vetrarríki þessa síðustu daga ársins.

Heyfengur var þokkalegur en háarspretta með minna móti og heygæði í meðallagi. Haustið var gott og þá náði kornið sér á strik. Veður til kornþreskingar var gott.

Búnaðarsambandið veitti verðlaun á aðalfundi Félags kúabænda á Suðurlandi sem haldinn var í Gunnarsholti 28. febrúar. Afurðahæsta kúabúið á Suðurlandi 2021 var hjá Guðjóni og Helgu Syðri-Hömrum 3 en meðalafurðir voru 8.446 kg/árskú. Einnig fyrir afurðahæstu kúna á Suðurlandi 2021 sem var Skör 1003, Hvammi hjá Charlottu og Pétri en hún mjólkaði 13.760 kg. Þá voru veitt verðlaun fyrir þyngsta unguneytið á Suðurlandi 2021 sem var frá Jóni Erni og Eddu Nýjabæ en fallið var 504 kg og flokkunin UN +3-

Laganefndin undir forystu Sigurðar Loftssonar Steinsholti starfaði áfram en auk hans áttu Jóhann Nikulásason Stóru-Hildisey og Elín Heiða Valsdóttir Úthlíð sæti í nefndinni. Þau lögðu fram tillögur til aðalfundar um lagabreytingar sem þau gengu að. Tillögurnar miðuðu að því að aðlaga lögina að

breyttum samþykktum Bændasamtakanna og taka Austur-Skaftfellingana inn.

Búnaðarsambandið sá um eftirfylgni við skil á haustskýrslum eftir samningi við ANR sem í dag er orðið að MAR, matvælaráðuneyti. Alls eru þetta nærri 1000 skýrslur sem er skilað fyrir þá sem ekki skila sjálfir.

Aðalfundur Búnaðarsambands Suðurlands sá 114. var haldinn 21. mars og nú í Hótel Dyrhólaey. Gestur fundarins var Gunnar Þorgeirsson formaður Bændasamtakanna og flutti hann ávarp. Stærsta mál fundarins voru lagabreytingar og þar helst að taka bændur og búalið úr Austur-Skaftafellssýslu inn m.a. vegna þess að nú á að kjósa sameiginlegan fulltrúa fyrir Skaftafellssýslurnar á Búnaðarþing. Þá var stjórninni breytt í 6 manna stjórn, tveir úr hverri sýslu og 2 úr Skaftafellssýslum. Lögin voru samþykkt með bráðabirgðarákvæði um aðkomu Austur-Skaftfellinga en síðar er rætt um að þeir stofni nýtt búnaðarfélag fyrir sýsluna sem komi að sambandinu eins og önnur félög á svæðinu. Kosið var um 2 stjórnarmenn og 2 í varastjórn úr Skaftafellssýslum Kosnir voru; Gunnar Sigurjónsson Litla-Hofi fyrir hönd Austur-Skaftafellssýslu og Anna Sigurbjörg Sævarsdóttir, Miðskeri sem varamaður. Björn Snorrason, Kálfafelli úr Vestur-Skaftafellssýslu og Magnús Örn Sigurjónsson, Pétursey sem varamaður hans. Kosið um 1 fulltrúa á Búnaðarþing fyrir Árnes og Rangárvallasýslu og 1 fulltrúa úr Skaftafellssýslum. Gunnar Kr. Eiríksson, Túnsbergi var kosinn fulltrúi Árnes- og Rangárvallasýslu og Páll Eggertsson, Arngeirsstöðum til vara. Pálína Pálsdóttir, Mýrum var kosinn fulltrúi Skaftafellssýslu og til vara Elín Heiða Valsdóttir, Úthlíð.

Búnaðarsambandið heldur úti heimasíðu og birti 30 fréttir á árinu auk fundargerða og upplýsinga um starfsemina.

Norræn ráðstefna um málefni nautgriparektarinnar var haldinn á Selfossi í lok júlí. Það var Íslandsdeild NØK sem sá um undirbúning og framkvæmd ráðstefnunnar. Ráðstefnan hófst á



sunnudegi og lauk um hádegi á miðvikudag. Um 70 manns sóttu ráðstefnuna sem heppnaðist afar vel í alla staði en Búnaðarsambandið styrkti hana með margvíslegum hætti.

Styrkir vegna jarðræktar nema alls 399.9 milljón-um kr. og 398.9 milljónum vegna landgreiðslu-styrkja, alls 798.8 milljónir kr. Landgreiðslur voru veittar vegna 82.219 hektara og 36.980 spildna. Ein-ingarverð landgreiðslna er 4.852 kr.pr.ha en 2021 voru þær 4.718 kr.pr.ha. Jarðræktarstyrkir voru veitt-ir vegna 10.802 hektara sem skiptust niður á 4.659 ræktunarspildur. Greitt var 38.584 kr./ha en var 2021, 34.687 kr./ha. Sérstakt álag vegna tjóns vegna fugla reiknast á 47,7 ha hjá 11 bændum. Í jarð-ræktarstyrkjum vegna útiræktunar á grænmeti, kart-öflum og garðávöxtum til manneldis var greitt út á 548,5 hektara á árinu 2022. Greitt á hektara sem nýttur var til ræktunar 109.694 kr. og nam heildar-upphæð hefðbundins jarðræktarstyrks vegna útirækt-aðs grænmetis samtals 72,3 milljónum og með sprettgreiðslum 106 milljónir.

Þá voru greiddar 517 milljónir til bænda eftir til-lögum spretthópsins sem er tilkomið vegna hækk-andi matvæla-verðs.

Útreikningur um landstærðir og ræktun byggjast á upplýsingum úr jarðræktarskýrsluhaldi í forritinu Jörð.is, sem svo aftur byggir á landupplýsingagrunni tunkorta. Búnaðarsambandið sá líka um úttektir í Austur-Skaftafellssýslu. Úttektarvinnan felst m.a í því að yfirfara umsóknir og bera þær saman við loft-myndir og gervitunglamyndir eftir mismunandi dagssetningum og heimsækja bændur eftir til-viljunarkenndu úrtaki.

Um 20. nóvember sá Búnaðarsambandið um fræðslufundi um sauðfjarrækt en þeir höfðu ekki verið haldnir síðan 2019 út af fjöldatak-mörkunum vegna Covid. Eypór Einarsson RML mætti á fundina og fjallaði um ræktunarstarfið í sauðfjarrækt, rannsóknir á þoli vegna riðu og þá fjallaði hann um hrútakostinn á Sauðfjarsæðingastöðinni á komandi vertíð. Það eru haldnir fjórir fundir einn í hverri sýslu og mættu alls 120 bændur á þessa fundi

Búnaðarsambandið sér um tunkortagerð og kemur að fjölmörgum öðrum verk-efnum og má þar nefna mat á tjónum sem verða á girðingum og ræktunarlandi vegna veðurs eða flóða, umsagna vegna stofn-unar lögbýla, aðstoð við umsóknir og út-tektir vegna vatnsveita á lögbýlum, úttektir

vegna styrkja í Framleiðnisjóð og mat á því að land sé tekið úr landbúnaðarnotum.

Búnaðarsambandið sér um framkvæmdastjórn og bókhald fyrir Nautís sem er einkahlutafélag í eigu BÍ, BSSL og LK. Búnaðarsambandið kemur einnig að vigtun, sæðistöku og fleiri verkum á búinu.

Stóra Ármót.

Vorið var gott og orðið klakalaust í apríl. Jarð-vinnsla hófst 22. apríl, en sáningu lauk 30. apríl. Sláttur hófst 10. júní en ekki fyrir alvöru fyrr en 17. júní. Heyskap fyrir kúr lauk á Jónsmessu, fyrri slætti lauk alveg 20. júlí. Heyjað var á 80 ha. 960 rúllur komu af fyrri slætti, heygæði ágæt en magn í lakara lagi. Heildaruppskera með grænfóðri og há var 1150 rúllur. Kornid var þreskt í byrjun september, upp-skera varð 75 tonn af 20 ha. Þroski frekar slakur hjá öllum yrkjum.

Framleiðsluréttur búsinis í ársbyrjun 2023 er 338.160 þúsund lítrar en var 2022, 329.082 lítrar. Samkvæmt skýrsluhaldi nautgriparæktarinnar eru afurðir á árskú 2022, 7.683 kg sem er hækkun milli ára. Innlögð mjólk á árinu var 337.456 þúsund lítrar. Efnainnihald innleggsmjólkur var 3,44% í próteini og fita 4,07%, frumutala var 156. Líftalan hækkar en það gerist oft þegar skipt er yfir í mjaltapjón. Líftalan er þó á meðaltali við afurðastöðina.

Gengið var frá stofnun fjögurra lóða við Ármóts-flöt sem áður voru samþykktar í deiliskipulagi og liggja á móti þremur lóðum úr landi Litla Ármóts. Hver lóð er um 1,2 ha. Leigusamningar hafa verið gerðir um þær allar og hefjast framkvæmdir við gerð íbúðarhúsa næsta vor.

Búið er þátttakandi í rekstrargreiningarverkefni RML ” Rekstur kúabúa 2019-2021” Í heildarniður-

Ár	Árskúr	Nyt-árskúr kg	Sæti	Fitu %	Prótein %	Frumutala x 1000	Gerlatala
2006	42	6.357	58	4	3,41	343	10.916
2008	45	6.321	75	4,06	3,47	325	11.920
2010	43,8	6.972	16	4,18	3,49	230	9.420
2011	43,4	6.518	58	4,18	3,45	164	8.540
2012	46,8	6.655	53	4,17	3,43	174	10.404
2013	42,1	6.798	45	4,37	3,55	232	11.100
2014	47,3	6.844	47	4,16	3,47	172	9.600
2015	51,8	6.628	99	4,19	3,52	223	12.000
2016	47,4	7.027	77	4,12	3,4	249	12.000
2017	51,2	6.259	212	4,19	3,47	199	6.000
2018	53,4	7.343	69	4,2	3,41	167	5.000
2019	52,5	6.902	126	4,51	3,4	153	6.000
2020	47,8	7.356	72	4,66	3,51	182	8.000
2021	52,3	7.525	46	4,27	3,45	181	10.000
2022	44,3	7.683	36	4,07	3,44	156	16.000

1. tafla: Yfirlit um afurðir-magn og eiginleika, árin 2006-2022.

stöðum segir; „Vel rekið bú, hagnaður búsins árið 2021 rúmlega 3 milljónir króna, vel yfir meðaltali annarra búa. Framlegðarstig lægra en meðaltal en skýrist aðallega af því að framleiðslutekjur af nautgriparæktinni eru lægri vegna lægra meðalverðs í mjólk og litlar tekjur af nautgripakjöti. Þá er kjarnfóðurkostnaður kr/ltr hár. Rekstur eigi að síður traustur og skuldir litlar.“ Þá sér búið Nautís fyrir heyi en þar eru nú nærri 40 nautgripir.

Stóra Ármót er þátttakandi í verkefninu loftslagsvænn landbúnaður en í því er verið að vinna markvisst að því auka kolefnisbindingu og minnka losun á kolefni. Verkefnið gengur út á að búin sem taka þátt setja sér markmið innan ákveðins tímaramma. Aðgerðaráætlunin gengur út á að minnka losun og auka bindingu á kolefni. Stóra Ármót er einnig í jarðræktarverkefni RML sem nefnist Sprotinn.

Athugun á áhrifum af kölkun með skeljasandi eða dólómítalkki borið saman við enga kölkun í samvinnu við Sláturfélagið hélt áfram. Uppspera, efnainnihald og sýrustig verður m.a. skoðað. Verkefnið mun standa í 3 ár.

Athugun á mismunandi tíma á sæðingu með djúpfrystu hrútasæði miðað við 16 klst, 20 klst og 24 klst frá því að beiðsli hófst. Allar ærnar á Stóra Ármóti eða 120 ær voru tvísamstilltar og síðan sæddar eftir að leitað var. Bestur var árangurinn miðað við 24 klst en samt ekki marktækur. Tilraunin var endurtekin 2022 en leitað í ánum og sætt þrisvar á sólarhring. Það er Þorsteinn Ólafsson dýralæknir sem hefur veg og vanda af skipulagningu og faglegum hlutum.

Byggyrkjatilraun var á Stóra Ármóti í samstarfi við jarðræktarmiðstöð LbhÍ síðasta sumar. Borin verða saman erlend yrki til samanburðar við innlend yrki og kynbótalínur. Verkefnið er styrkt af Matvælasjóði.

Landbúnaðarháskólinn hefur óskað eftir því að fá aðstöðu á búinu við mæla metanlosun hjá mjólkurkúm. Það er í svokölluðum GreenFeed metanmælingarbás. Hann virkar eins og kjarnfóðurbás sem mælir metan á meðan kýrnar éta kjarnfóðrið. Básinn safnar gögnum til að meta megi hver meðallosun sé frá íslensku kúnni. Þegar það liggur fyrir verður hægt að skoða hvort erlend reiknilíkön fyrir metanlosun passi okkar gripum. Það verður áhugavert að fylgjast með framtíðarniðurstöðunum um metanlosun því hlutirnir gerast hratt á þessum vettvangi.

Tvær Angus kvígur fæddust um mánaðarmótin júlí ágúst en fósturvísaskolun var úr þremur Angus kvígum frá Nautís í byrjun nóvember 2021 og aðstaðan á Stóra Ármóti notuð. Tjerand Lunde norskur dýralæknir aðstoðaði okkur við það verkefni. Góð samvinna og samlegðaráhrif er við starfsemi Nautís.

Nú er farið að nota úrval út frá erfðamörkum í ræktunarstarfinu og tilvalið að nota búið sem ræktunarkjarna. Fósturvísateymið okkar ætti að geta nýst vel við það.

Fundarsalurinn er nýttur til bænda funda og námskeiðahalds. Mjög vel heppnaður og fjölmennur aðalfundur Nautís var haldinn í lok maí en þar voru auk hefðbundinna aðalfundarstarfa flutt fróðleg erindi af tveimur norðmönnum sem voru gestir fundarins. Erindunum var streymt um leið. Góð samvinna er við endurmenntunardeild LbhÍ og haldin voru námskeið í beiðslisgreiningu og svo í sauðfjár-

Myndir af byggyrkjatilraun á



Efri myndir teknar í byrjun júlí.

Neðri myndir teknar í lok ágúst.

Ljós. Helga Sig.

Stóra Ármóti



sæðingum með Þorsteini Ólafssyni dýralækni. Í maíbyrjun var svo haldið verklegt námskeið í plægingum en námskeið um jarðrækt féll niður vegna dræmrar þátttöku.

Unnið var að gerð skjólbelta og skjóllunda í samvinnu við Skógræktina síðasta vor fyrir þann hluta jarðarinnar þar sem fé gengur ekki á.

Rekstrartekjur voru 78,9 milljónir og rekstrargjöld með 8,1 milljóna króna afskriftum er upp á 69,2 milljónir en EBIDTA/rekstrarafgangur 17,5 milljónir. Skuldir búsins eru einungis við móðurfélagið síðan að einkahlutafélagið var stofnað 31,2 milljónir. Eignir í stofnsjóðum eru hinsvegar 45,7 milljónir, mest í Auðhumlu eða 44 milljónir. Ákveðið var að greiða móðurfélaginu vexti sem námu 1.685 þúsundum króna sem voru 5,39 % vextir án verðtryggingar.

Stóra Ármót er vel rekið bú í eigu sunnlenskra bænda. Skuldir eru einungis við móðurfélagið. Landið verðmætt með jarðhita, malarnámu og veiðiréttindum. En aðalmálið er hvernig sé hægt að nýta búið bændum og samfélaginu til heilla.

Kynbótastöð.

Kynbótastöð ehf. sér um sæðingastarfsemi á Suður- og Austurlandi en þar voru framkvæmdar 19.646 sæðingar árið 2022 sem er fækkun um 1.388 sæðingu milli ára sem er 46% sæðinga í landinu. Á Búnaðarsambandsvæðinu voru 16.974 sæðingar sem er fækkun um 1.458 sæðingar sem aðallega skýrist af mun betra fanghlutfalli, færri tvísæðingum en líka aðeins færri kúm.

Fastráðnum frjótæknum var fækkað úr fjórum í

þrjú í ársbyrjun. Hermann Árnason Hvolsvelli sér um svæðið austan Lambhaga á Rangárvöllum og að Vík. Guðmundur Jón Skúlason vesturhluta Rangárvallasýslu og hluta af Skeiðunum og Flóann. Úlfhéðinn Sigurmundsson er í uppsveitum Árnassýslu Hvert svæði telur um 3.000 kúr og rúmlega 50 bú.

Gestur Jens Hallgrímsson Blöndubakka lét af störfum í febrúarbyrjun en Eyþór Karl Ingason flutti sig um set og tók við. Hann sinnir svæðinu kringum Egilsstaði, auk Hánefsstaða og Skorrastaða. Sigurður Max Jónsson Sköldólfsstöðum Breiðdal sinnir kúabúum á Suður-Fjörðum. Aðrir frjótækna eru; Fyrir Austur Skaftafellsýslu Orri Brandsson og Friðrik Reynisson afleysingamaður. Sigríður Böðvarsdóttir fyrir Skaftárhrepp og afleysingamaður Bergur Sigfússon. Aðrir afleysingamenn eru Halldór Eiddsson, Bjarki Guðmundsson og Davíð Bragason sem kom nýr inn í apríl.

Klaufsnyrting var framkvæmd á 6.337 kúm á 114 kúabúum á síðasta ári sem er svipað og árið á undan. Meðalverð á kú var 2.287 kr. Birkir Þrastarson frá Hæli sér um klaufsnyrtinguna. Það varð að endurnýja bílinn sem klaufsnyrtibásinn er í og síðan var pantaður nýr klaufsnyrtibás sem kom til landsins í byrjun febrúar 2023. Þetta eru fjárfestingar upp á 11 milljónir. Stöðugt fleiri nýta sér þessa þjónustu og mun Birkir ekki sinna afleysingum í sæðingum nú í vetur til að komast betur yfir þau verkefni sem bíða. Birkir fór til Danmerkur nú í febrúar á endurmenntunarnámskeið fyrir klaufsnyrta.

Rekstrarkostnaður bílanna var 56,6 kr/km með afskriftum en kostnaður án afskrifta var 41,8 kr/km. Bílarnir eru afskrifaðir um 20% á ári í stað 10% á ári

	HL Lux 2015	Isuzu D-Max 2019	Nissan Qashqai 2019	Toyota Rav 4	Tesla model Y 2021	Benz Atego Klaufskurð	Skodi 2022	Qashqai 2020	HL Lux 2007	Meðaltal sæðingabíla
	ANA87	AFL70	RUY62	PAJ40	NUT30	DI743	JUJ63	LVL35	MP526	
Eldsneyti	444.494	431.156	749.887	1.111.546	398.149	666.567	112.653	1.267.814	371.011	617.031
Dekk	29.790		139.402	329.935	392.520	428.577	306.479		46.530	239.033
Viðgerðir/Smurning	77.094	90.489	649.983	729.298	49.600	880.100	12.245	284.905	122.960	321.853
Skattar	39.632	43.424	24.464	22.436	16.880	246.771	8.625	24.420	46.548	52.578
Tryggingar	103.334	147.160	142.561	103.334	142.073	252.099	77.019	142.073	103.334	134.776
Annað		24.293	-34.262	-59.496	158.393	49.686		123.736	14.690	39.577
Afskriftir/sölutap/hagn	376.194	539.104	462.064	350.666	1.262.333	500.000	216.667	551.831	23.795	475.850
Samtals	1.070.538	1.275.626	2.134.099	2.587.719	2.419.948	3.023.800	733.688	2.394.779	728.868	16.369.065
Staða mælis í upphafi árs	120.700	116.400	107.100	166.400	18.290	308.510	0	97.606	211.031	
Staða mælis í lok árs	139.077	132.881	143.000	209.411	96.903	317.086	18.479	156.356	221.994	
Áætlaður akstur á ári	18.377	16.481	35.900	43.011	78.613	8.576	18.479	58.750	10.963	289.150
Kostnaður á km án afskr.	37,78	44,69	46,57	52,01	14,73	294,29	27,98	31,37	64,31	41,80
Kostnaður á km m.afskr	58,25	77,40	59,45	60,16	30,78	352,59	39,70	40,76	66,48	56,61
Eldsneyti og skattar á km	26,34	28,80	21,57	26,36	5,28	106,50	6,56	22,00	38,09	31,28
Lítrar á 100 km.	9,53	10,31	8,23	8,21		30,63		8,51	10,76	12,31

2. tafla: Rekstrarkostnaður sæðingabíla 2022.

sem er eðlilegt miðað við þann mikla akstur sem er á þeim. Hagstæðasti bíllinn er Tesla Y fjórhjóladrifinn jepplingur sem gefin er upp með allt að 500 km drægni á einni hleðslu. Bíllinn var keyptur í september 2021 og er staðsettur á Hvolsvelli þar sem heimahleðslustöð var sett upp. Á síðasta ári var hann keyrður 78.613 km og kom út með 14,7 kr/km án afskrifta og 30,8 kr/km með afskriftum. Með haustinu var keyptur Skoda Enyag rafbíl sem er fjórhjóladrifinn jepplingur og það voru settar upp 2 hleðslustöðvar í viðbót. Önnur í Þorleifskoti og hin upp í Haga þar sem frjótæknirinn er staðsettur. Skodinn var keyrður rúma 18 þúsund km á árinu og er með næstlægsta rekstrarkostnað af bílunum, 28 kr/km en dekkjakostnaður rafbíllanna er mikill og reiknaðist á fáa km á Skodanum. Við erfiðar akstursaðstæður og sérstaklega í kulda er drægni rafbíllanna mun minni en talað hafði verið um og fer jafnvel niður undir 200 km sem er of lítið. Varabílar Kynbótastöðvarinnar sem eru m.a. 2 fjórhjóladrifnir pallbílar hafa komið að góðum notum nú í vetur í þungrri færð og kulda.

Fanghlutfall í sæðingum hækkaði úr 67% miðað við 56 daga frá 1. sæðingu í 69%. Fanghlutfall hækkaði um 4% í Árnessýslu en er ívið betra á austurhluta svæðisins og hefur verið um nokkurt skeið.

Endurmenntun frjótækna er mikilvæg og því var farið í námsferð til Danmerkur til Viking Genetics í Álaborg í byrjun nóvember. Það voru 14 frjótæknafróðs vegar að af landinu sem tóku þátt í námskeiðinu sem fór fram í sláturhúsi Danish Crown í Álaborg og auk þess var farið í 1 dag með frjótækni. Höfuðstöðvar Viking Genetics í Randers voru heimsóttar og þar fengum við fróðleik um kyngreint sæði, en notkun á því hefur vaxið mjög í Danmörku og er kominn í rúman helming í notkun á öllu sæði. Auk þess fengum við fyrirlestur um kynbótastarfið hjá Viking Genetics en fyrirtækið nær líka yfir Svipjóð. Úrval út frá erðamörkum, notkun á kyngreindu sæði



Fróði frá Bjargi 18-236. Ljósmynd Halla Eygló

ásamt fósturvísaf lutningum eru ráðandi þættir í kynbótastarfi nútímans.

Frjótæknafróðingur í Danmörku eru með mjög athyglisvert smáforrit (app) sem heldur utan um pantanir og skráningar og er beintengd við gagnagrunninn. Flestir Danskir kúabændur láta útbúa pörunarforrit fyrir sig og fær frjótæknirinn fyrirmæli um hvaða naut eigi að fara í hverja kú. Þeir bændur sem þess óska geta fengið upplýsingar um væntanlegan komutíma frjótækni. Forritið mælir líka vinnu frjótækniins og ef hún er óeðlilega mikil vegna þess að það er óklárt hjá bóndanum greiðist aukagjald. Það er orðið löngu tímabært fyrir okkur að láta hanna fyrir okkur smáforrit sem heldur betur utan um verk frjótækna og skráningar á sæðingum.

Sameining sæðingastarfseminnar, sameiginleg gjaldskrá og að allir kúabændur greiði sama gjald fyrir sæðinguna hvar sem þeir búa á landinu hefur verið í umræðunni í mörg ár. Á síðasta búgreina-deildarfundum kúabænda og svo Búnaðarþingi var samþykkt tillaga sem gengur út á að tekin verði upp ein gjaldskrá fyrir landið allt og kostnaður við sæðingar jafnaður til fulls. Haldin var fundur síðasta haust að frumkvæði BÍ vegna þessarar tillögu en þar kom fram að vilji er fyrir því að sameina sæðingastarfsemina á Norðurlandi. Það yrðu því 3 aðilar sem myndu koma að því að reka sæðingastarfsemina. Næstu skref eru því að fara í að reyna að átta sig á aðstöðumun bænda sem liggur að mestu í mismunandi þéttleika kúabúa.

Sauðfjársæðingastöð.

Sauðfjársæðingar gengu vel til 16. desember en þá versnaði heldur betur færð og veður og sendingar misfórust. Þátttaka var prýðileg framan af en minnkaði verulega í lokin. Alls var sent út sæði í 17.000 ær, en niðurstaðan varð sú að 10.733 ær voru sæddar með ferku sæði frá stöðinni. Mest notkun var á Fróða 18-880 frá Bjargi í Miðfirði en sæði í 2.130 ær var sent úr honum. Kraftur 19-883 frá Skarði með útsent sæði í 1.415 ær, Angi 18-882 frá Borgarfelli með útsent sæði í 1.215 ær, Askur 19-884 frá Kirkjubæjarklaustri með útsent sæði í 1.065 ær og Gullmoli 22-902 frá Þernunesi með útsent sæði í 1.045 ær. Ekki tókst að anna eftirspurn eftir sæði úr Anga og Gullmola. Lítil eftirspurn eftir mörgum af eldri hrútnum og áberandi meiri spenningur fyrir nýju hrútnum og segir okkur að ekki má slaka á að fá nýja hrúta á stöð.

Eins og sjá má á meðfylgjandi töflu eru 10.733 ær sæddar frá stöðinni þetta haustið sem er minnkun um 2.000 ær milli ára. Það er samdráttur í sæddum ám

Sæddar ær frá Sauðfjarsæðingastöð Suðurlands 2022 með fersku sæði									
	2022	2021	2020	2019	2018	2017	2016	2015	2014
BS.Kjalarnes	5	26	30	35	52	32		42	49
Borgarfjörður	170	80	45	61	58	103	71	94	147
Snæfellsnessýsla	92	48	25	12	40	30	81	108	147
Dalásýsla	28	51			12		41	45	80
Barðastrandasýsla	32								
Ísafjarðarsýsla		15						28	
Strandasýsla									12
Húnavatnssýslur	1.665	1.877	1.688	1.091	906	1.400	2.003	1.580	1.017
Skagafjarðarsýsla	802	797	666	482	825	786	1.272	877	739
Eyjafjarðarsýsla	580	705	630	250	410	413	672	739	586
S.Þingeyjarsýsla	575	816	584	531	868	648	1.041	959	604
N.Þingeyjarsýsla	245	769	361	314	513	329	707	736	394
Austurland	512	877	803	988	1.044	603	808	1.314	956
A.Skaftafellsýsla	1.391	1.389	1.193	1.437	1.316	1.558	1.808	1.598	2.200
V.Skaftafellsýsla	774	897	1.049	1.152	774	1.174	1.383	1.375	1.256
Vestmannaeyjar		5	10						
Rangárvallasýsla	1.641	1.777	1.902	1.645	1.640	2.036	2.483	2.298	2.336
Árnessýsla	2.221	2.651	2.764	2.373	2.131	2.793	3.200	3.284	3.113
	10.733	12.780	11.750	10.371	10.589	11.905	15.570	15.077	13.636

Tafla 3. Sæddar ær frá Sauðfjarsæðingastöð með fersku sæði 2014-2022

nema í Austur-Skaftafellssýslu og Skagafirði. Nýtingin á sæðinu miðað við útsent sæði er rétt um 63% sem er ekki ásættanlegt og hefur ekki verið lægra í annan tíma. Þeirri hugmynd að selja sæðisstráin sem pöntuð eru frá stöðinni vex fiskur um hrygg.

Hrútarnir voru settir út upp úr miðjum maí. Vorið var fremur hlýtt og gott en alltaf eru einhver afföll í haganum. Völlur frá Snartarstöðum og Strandagaldur frá Heydalsá fundust dauðir í haganum án sýnilegrar ástæðu.

Djúpfrystingin hófst 7. nóvember og nú var blöndunarvökvinn í lagi. Sæðistakan var hæg og of mikið um að gott sæði stæðist ekki gæðakröfur. Við nánari skoðun kom í ljós að sæði var þynnt of lítið sem gæti hafa haft áhrif á lífhlutfalli sæðis eftir frystingu. Alls náðust um 800 skammtar af frosnu sæði en eftirspurn eftir því er fremur lítil. Ekkert sæði var selt til USA núna enda var ekkert frosið sæði til frá fyrra ári vegna gallaða blöndunarvökvans.

Starfsmannavelta er lítil en sama starfslið var við stöðina og síðustu haust. Páll Stefánsson dýralæknir sér um sæðisblöndun og gæðamat á sæði og Þóra Þórarinsdóttir fyllir á sæðisstráin, gengur frá pöntunum, sér um þrif og þvott á brúsum. Páll Þórarinsson sér um sæðistöku og gegningar í hrútahusi. Ármann Sverrisson er aðstoðarmaður við sæðistöku, leiðir hrútana fram og sér um akstur á hrútasæði austur í sveitir. Ólafur Þór Þórarinsson sér um akstur á sæði til Reykjavíkur en Sveinn Sigurmundsson sér um skipulag, tekur við pöntunum og deilir út sæðinu.

Lokaorð.

Niðurstaða rekstrarreikningsins 2022 er mun lakari en árið 2021. Þá var hagnaður af samstæðunni tæpar 11 milljónir en nú er tap upp á 3,8 milljónir. Launahækk-

anir um 27 milljónir og 2 milljóna króna tap á markaðsverðbréfum á móti 4,8 milljóna króna hagnaði árið á undan skýra þennan mun að einhverju leyti. Hluti af launahækkunum er vegna þess að verktakagreiðslur færðust yfir í launagreiðslur. Rekstrartekjur fyrirtækjanna með Stóra Ármóti eru 352,3 milljónir þegar búið er að taka tillit til sölu á milli fyrirtækjanna. Rekstrargjöld eru 355,8 milljónir og er því rekstrartap upp á 3,6 milljónir. Fjármunaliðir skila 1,7 milljónum sem er minna en á fyrra ári. Rekstrartap með vaxtatekjum er því 1,9 milljónir króna en eftir skatta er það 3,8 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi

er eigið fé 274,6 milljónir. Eignir eru alls 328,9 milljónir. Veltufjármunir eru 172,2 milljónir á móti 168,1 milljónum. Eiginfjárhlutfall er 93 % hjá Búnaðarsambandinu en 83,5% hjá samstæðunni allri.

Bændabókhald ehf. veltir 54,8 milljónum og er með 3,4 milljónir í tap. Kynbótastöð ehf. er með veltu upp á 193,8 milljónir og tap upp á 7,1 milljónir króna m.a vegna mikilla launahækkana á árinu. Búnaðarsambandið er með veltu sem nemur 67,2 milljónum og tap upp á 4,6 milljónir en þegar búið var að taka tillit til dótturfélaga og skatta er tapið 3,8 milljónir. Rekstrartekjur á Stóra Ármóti voru 78,9 milljónir en rekstrargjöld eru 69,2 milljónir og hagnaður með leigutekjum 8,6 milljónir þegar búið er að taka tillit til skatta og fjármagnsliða.

Búnaðarsambandið og fyrirtæki þess eru rekin með það í huga að reksturinn sé sem mest í jafnvægi en ekki hagnaðardrifið. Þessi niðurstaða gefur tilefni til þess að endurskoða reksturinn en sterk eiginfjár- og lausafjárstaða er sem betur fer til staðar.

Að lokum þakkar undirritaður bændum og samstarfsfólki ánægjulegt samstarf á liðnu ári.

Sveinn Sigurmundsson



Mynd: Sællegar kýr í fjósinu á Stóra Ármóti. Ljós m.H.S.

Starfsemi Nautís 2022

Sveinn Sigurmundsson



Burður hófst í byrjun mars en þá fæddust 3 kálfar sem tilkomnir voru vegna fósturvísa sem teknir voru á búinu. Kálfarnir voru undan Jens av Grani og Angus kúnum Birnu og Mundu. Það fæddust 2 kvígur en svo fæðist naut sem var mósótt með stjörnu í enni. Ekki hreinræktaður Angus gripur. Við nánari rannsókn kom í ljós að hann var undan Simmental nauti sem var í sæðistöku sama dag og Jens av Grani í Noregi. Kálfarnir sem fæddust eftir sæðingu komu í lok apríl og fram í miðjan maí alls 12 kálfar. Í júlí fæddust svo 3 kálfar. Þetta eru því 18 kálfar sem fæðast, 11 kvígur og 7 naut. Ein kvígan er rauð að lit en Laurens av Krogdal sem hún er undan er með erfðavísi fyrir rauðu.

Eins og sjá má á meðfylgjandi töflu eru 38 gripir í eigu Nautís, 19 kýr og kvígur í kúahlutanum, 17 gripir í einangrun og 2 kvígur á Stóra Ármóti sem komu úr fósturvísaflutningum á búinu.

Þegar aðalfundurinn var haldinn í lok maí fengum við góða gesti í heimsókn. Svein Eberhard holdanautabónnda Höystad og formann Aberdeen Angus félagsins í Noregi og Kristian Heggelund ráðunaut hjá Tyr. Þeir ferðuðust norður í land og heimsóttu holdanautabúíð í Hofsstadaseli, heimsóttu holdanautabændur á Suðurlandi og fluttu erindi á aðalfundi Nautís. Auk þess var Kristian með sýnikennslu fyrir ráðunauta RML í að dæma og meta holdagripir hjá Nautís og um leið fengum við mat á holdanautin sem voru í einangrun. Þeir félagar miðluðu miklum fróðleik til okkar en sérhæfður holdanautabúskapur hefur vart verið stundaður hér á landi fyrr en á allra síðustu árum meðan að markvisst ræktunarstarf og holdanautabúskapur hefur verið stundaður í Noregi í áratugi.

Ákveðið var að gera kálfana mann- og bandvana þegar þeir voru litlir en það er bæði árangursríkt og auðveldara en þegar þeir eru orðnir öflugir. Síðan eru kálfarnir vandir við læsigrindur en við vigtun eru þeir bara reknir í vigtina og kom það vel út. Kálfahópurinn núna er með ívið minni þyngingu en oft áður en heyin eru líka aðeins lakari. Kálfarnir eru flestir vel gerðir með öflugan afturpart og vel meðfærilegir með gott geðslag.

Sæðistaka var í júní og júlí og eins og fyrr tekst ekki að ná sæði úr öllum gripunum. Þegar þau svo komast í hjörð þá hafa þau alltaf gagnast. Það er Sveinbjörn Eyjólfsson NBÍ sem kemur og tekur sæðið. Þorsteinn Ólafsson blandar það og gæðametur og svo er farið með það á nautastöð NBÍ að Hesti, fryst og gæðametið að nýju og gengið frá því. NBÍ hefur svo keypt sæði af Nautís og því dreift til frjótækna og þaðan til þeirra bænda sem vilja nota það. Nautin Jenni og Jóakim gáfu rúmlega 3000 skammta en birgðir af holdanautasæði úr nýju Angus nautunum eru rúmlega 7000 skammtar. Því miður eru of fáir holdanautabændur að hagnýta sér þetta nýja erfðaeefni með sæðingum sem er byrjað að koma á markað og kemur mjög vel út en það sést vel í skýrsluhaldinu.



Jeremías 0031 sem er undan Jens av Grani og fékk hæsta útlitsdóm nautanna sem voru fædd 2021

Ljósmynd: Halla Eygló Sveinsdóttir

Í byrjun júlí voru opnuð tilboð í þá 12 gripir hjá Nautís sem boðnir voru til kaups en það voru 5 naut og 7 kvígur. Alls bærust tilboð frá 18 aðilum. Allir gripirnir seldust og var meðalverð á nautunum 1.435 þúsund krónur, meðalverð á kálffullu kvígunum var 1.227 þúsund og ársögömlu kvígurnar seldust á 653 þúsund að meðaltali. Heildar-söluverð tæpar 13 milljónir.

Sæðingar á búinu hófust í júlí og fyrst var notað sæði úr Laurens av Krogdal og Jens av Grani á dætur Horgen Erie sem er faðir Laurens. Sæðið úr Manitu av Höystad kom ekki fyrr en í lok ágúst en alls er von á 5 kálffum undan honum. Undan

Laurens er von á 10 kálffum og svo er von á 3 kálffum undan Jens av Grani. Fanghlutfall var ekki eins gott og árið á undan en einungis 7 kúr héldu við fyrstu sæðingu. Það er von á 18 kálffum og mun burður hefjast um miðjan apríl og lýkur í ágúst. Ein kúr Gunna nr 16 hélt ekki við þriðju sæðingu og verður henni



Mynd: Allir þurfa hvíld.

Ljósmynd H.E.S.

Gripir í eigu Nautís í febrúar 2023

Nr	Nafn	F. ár	Faðir	Móðir	M. faðir	Staðsetning
3	Steina	2018	LiS Great Tigre	Letti av Nordstu	Dunder av Bognes	Nautís
4	Sveina	2018	LiS Great Tigre	Letti av Nordstu	Dunder av Bognes	Nautís
5	Silla	2018	LiS Great Tigre	Lara av Höystad	Ivar fra Li	Nautís
6	Vísa	2018	LiS Great Tigre	Lara av Höystad	Ivar fra Li	Nautís
7	Birna	2018	LiS Great Tigre	Letti av Nordstu	Dunder av Bognes	Nautís
8	Fóstra	2018	LiS Great Tigre	Lara av Höystad	Ivar fra Li	Nautís
14	Systa	2019	LiS Great Tigre	Letti av Nordstu	Dunder av Bognes	Nautís
15	Lára	2019	LiS Great Tigre	Lara av Höystad	Ivar fra Li	Nautís
16	Gunna	2019	Horgen Erie	Maiken av Grani	First Boyd fra Li	Nautís
18	Assa	2019	Hovin Hauk	Mose av Grani	First Boyd fra Li	Nautís
19	Eir	2019	Horgen Erie	Maiken av Grani	First Boyd fra Li	Nautís
21	Vænting	2019	Horgen Erie	Maiken av Grani	First Boyd fra Li	Nautís
35	Jóka	2021	Jens av Grani	Vísa	LiS Great Tigre	Nautís
36	Embla	2021	Emil av Lillebakken	Hovin Nora	Junior av Nordstu	Nautís
37	Erla	2021	Emil av Lillebakken	Nanne av Höystad	Lord Rossiter	Nautís
38	Eik	2021	Emil av Lillebakken	Nansy av Höystad	Krekar av Funnaune	Nautís
41	Jenna	2021	Jens av Grani	Eir	Horgen Erie	Nautís
43	Jata	2021	Jens av Grani	Systa	LiS Great Tigre	Nautís
44	Jóra	2021	Jens av Grani	Gunna	Horgen Erie	Nautís
46	Jörð	2022	Jens av Grani	Birna	Lis Great Tigre	Nautís, einangrun
47	Jana	2022	Jens av Grani	Birna	Lis Great Tigre	Nautís, einangrun
48	Blámann	2022	Avlund's Jesper	Munda	Lis Great Tigre	Nautís, einangrun
49	Ljúfa	2022	Laurens av Krogdal	Steina	Lis Great Tigre	Nautís, einangrun
50	Lækur	2022	Laurens av Krogdal	Birna	Lis Great Tigre	Nautís, einangrun
51	Linda	2022	Laurens av Krogdal	Vísa	Lis Great Tigre	Nautís, einangrun
52	Ívar	2022	Ivar fra Li	Olava av Krogdal	GF inner strength	Nautís, einangrun
53	Lilli	2022	Laurens av Krogdal	Silla	Lis Great Tigre	Nautís, einangrun
54	Kidda	2022	Kid av Volstad	Putina av Krogdal	GF inner Strength	Nautís, einangrun
55	Klara	2022	Kid av Volstad	Petra av Krogedal	Emil av Lillebakken	Nautís, einangrun
56	Laki	2022	Laurens av Krogdal	Vænting	Horgen Erie	Nautís, einangrun
57	Rauðka	2022	Laurens av Krogdal	Fóstra	Lis Great Tigre	Nautís, einangrun
58	Lárus	2022	Laurens av Krogdal	Lára	Horgen Erie	Nautís, einangrun
59	Lukka	2022	Laurens av Krogdal	Eir	Horgen Erie	Nautís, einangrun
60	Læða	2022	Laurens av Krogdal	Sveina	Lis Great Tigre	Nautís, einangrun
62	Lúra	2022	Laurens av Krogdal	Assa	Hovin Hauk	Nautís, einangrun
63	Lonta	2022	Laurens av Krogdal	Gunna	Horgen Erie	Nautís, einangrun
1666		2022	Valur 19402	Etna nr 26	Emil av Lillebakken	Stóra Ármót
1668		2022	Valur 19402	Etna nr 26	Emil av Lillebakken	Stóra Ármót

Tafla: Gripir í eigu Nautís

fargað. Æskilegt er að reyna að flýta burðinum og því verður reynt að byrja fyrr á sæðingum.

Með haustinu var bogahýsi sem er opið í annan endan keypt og sett upp í bithaganum og þá var stórgripavigt fyrir kúahlutann keypt.

Nú hefur verið gengið frá pöntun á 50 skömmtum af holdanautasæði frá Noregi sem er væntanlegt með vorinu eftir tillögu frá Kristian Heggelund. Pantaðir hafa verið 25 skammtar úr ungnautinu Lis Roll in one 74108 og 25 skammtar úr nauti sem er að koma vel út í afkvæmaprófun og heitir Nero Weeton av Haukabö 74086. Bæði þessi naut eru óskyld þeim nautum sem við höfum þegar fengið erfðæfni úr.

Það eru rúm 4 ár síðan að fyrstu fósturvísakálfarnir frá Noregi fæddust hér á landi og eru áhrifa frá þeim þegar farið að gæta eins og sjá má í niðurstöðum skýrsluhalds í nautakjötsframleiðslu fyrir árið 2022. Frá upphafi hafa fæðst 63 gripir inn á búið og af þeim búið að selja 18 naut til bænda og 5 kvígur og 2 af þeim fengnar. Þá hafa fæðst 13 kálfar úr íslenskum fósturvísam. Nautís hefur fengið aðgang að besta erfðæfninu úr Angus ræktuninni í

Noregi sem þeir reyna síðan að bæta með því að flytja inn sæði og fósturvísa úr því besta sem völ er á í heiminum.

Það þarf að bæta þekkingu og fagmennsku í íslenskri holdanautarækt. Ráðunautar okkar þurfa að læra að meta lifandi holdagripni en stutt sýnikennsla Kristian Heggelund dugar ekki. Norðmenn hafa áratuga reynslu að sérhæfðri holdanautarækt meðan þetta er tiltölulega ung búgrein hér og heimsókn þeirra félaga Sveins Eberhard og Kristian Heggelund sýndi svo ekki var um villst að þeir höfðu mörg praktísk ráð handa okkur til eftirbreytni.



Laurens av Krogdal er með rauðan erfðavísi og gaf eina kvígu með rauðum lit og aðra kálfa með rauðum blæ sem dökknuðu og urðu svartir.

Á myndinni í hægra horninu má sjá kálfinn sem kom undan Simmental nautinu.

Ljósmyndir: Halla Eygló Sveinsdóttir



Myndir frá heimsókn Norðmanna



Kristian Heggelund ráðunautur hjá Tyr, er hér með sýnikennslu fyrir ráðunauta RML.



Heimsókn Svein Eberhard holdanautabónda Höystad og formanns Aberdeen Angus félagsins í Noregi og Kristian Heggelund ráðunauts hjá Tyr.

Ljósmyndir: Helga Sigurðardóttir



Etna nr. 0026

Ljósmynd: Halla Eygló Sveinsdóttir



Endurbót nr. 0025

Ljósmynd: Halla Eygló Sveinsdóttir

NØK ráðstefna 2022

Guðmundur Jóhannesson og Guðrún Björg Egilsdóttir, félagsmenn í NØK

NØK (Nordisk Økonomisk Kvægavl) 2022

Dagana 24.-27. júlí sl. var 37. ráðstefna NØK (Nordisk Økonomisk Kvægavl) haldin á Selfossi. NØK eru norræn samtök áhugamanna um nautgripa-rækt í Danmörku, Finnlandi, Íslandi, Noregi og Svíþjóð en samtökin voru stofnuð þann 21. ágúst 1948 í Falkenberg í Svíþjóð. Tilgangur þeirra er að vinna að norrænu samstarfi um nautgripa-rækt, miðla þekkingu og reynslu milli félagsmanna auk þess að byggja upp tengsl og rækta góða vináttu.

Ráðstefnan

Ráðstefnan var sett sunnudaginn 24. júlí við hátíðlega athöfn í Selfosskirkju. Þar héldu Jóhannes Torfason, fráfaramaður NØK, Sigurður Ingi Jóhannsson, innviðaráðherra og Bragi Bjarnason, formaður bæjar-ráðs Árborgar ávörp. Á milli ávarpa lék Erna Vala Arnardóttir á píanó. Að setningu lokinni var boðið upp á fordrykk í Skyrlandi, þar sem Garðar Eiríksson, framkvæmdastjóri Auðhumlu tók á móti hópnum og sagði frá sýningunni sem er einkar glæsileg og fjallar um sögu skyrgerðar á Íslandi. Gestir gátu þar upplifað söguna, smakkað hið víðfræga íslenska skyr og nýtt tímamál til að kynna öðrum ráðstefnugestum og fjöl-skyldum þeirra.

Á mánudeginum voru haldin tólf erindi undir yfirskriftinni „loftlagsmál, umhverfi og velferð“ og að erindum loknum bauðst ráðstefnugestum að ferðast á Þingvelli og heimsækja Friðheima. Á þriðjudeginum voru haldin tólf önnur erindi en í það skiptið undir yfirskriftunum, „norrænt samstarf og mjólkurframleiðsla“ og „ræktun–kýr framtíðarinnar–nýir eiginleikar–litlir stofnar“. Að kvöldi var haldinn glæsilegur veislukvöldverður á Hótel Selfossi. Hátíðinni lauk á miðvikudeginum með sameiginlegum hádegisverð að lokinni hópferð um Flóann en í þeirri ferð var einangrunarstöðin á Stóra Ármóti heimsótt sem og bændurnir á Stóra- og Litla Ármóti.

Erindi ráðstefnunnar

Þjóðir heimsins hafa margar hverjar sett sér metnaðarfull markmið um að draga úr losun gróðurhús-lofttegunda á næstu áratugum. Á sama tíma eykst eftirspurn eftir fæðu sökum fólksfjölgunar og aukin áhersla er lögð á dýravelferð. Töluverðar áskoranir eru

því framundan og fjölluðu fyrirlesarar um það hvernig bændur og sérfræðingar geta tekist á við þessar áskoranir. Ekki verður fjallað nákvæmlega um aðgerðir í hverju landi heldur stiklum við á stóru um það í hverju þessar aðgerðir felast.

Hjarð- og bústjórnun

Ýmsir þættir geta dregið úr losun gróðurhúslofttegunda á hverju búi fyrir sig. Mikilvægt er að lágmarka sóun í allri framleiðslukeðjunni en það má t.d. gera með því að horfa til hringrásarhagkerfisins og stuðla að réttri nýtingu og geymslu búfjáraburðar. Notkun á endurnýtanlegri orku, góð landnýting og hámarksuppskera af hverri flatareiningu eru einnig umhverfisvænar aðgerðir, sem og að stunda fóðuröflun sem næst búunum, til að draga úr flutningsþörf.

Heilsuhraustar kúr mjólka meira og meiri framleiðsla á hverja kú þýðir minni losun á hvern lítra mjólkur. Frjósemi og ending kúnna skiptir sömuleiðis máli en, því yngri sem kýrnar bera og því lengur sem þær endast í framleiðslu, því minni er losun gróðurhúslofttegunda. Langlífari kúr þýðir færri kvígur í uppeldi á hverjum tíma og hagstæðari rekstur búanna, en greint var frá því að danskar kúr skila ekki jákvæðri afkomu fyrir en eftir 2,5 ár í framleiðslu. Hér á Norðurlöndunum er valið fyrir aukinni endingu í kynbótastarfinu og því að kýrnar haldi hárra nyt lengur út mjaltaskeiðið en með því fást meiri afurðir eftir hvern grip. Flest bendir til að ending fái aukið vægi í framtíðinni. Til að viðhalda hárra nyt horfa menn nú til þess að lengja mjaltaskeiðið með því að seinka sæðingum. Dönsk rannsókn sýndi fram á að auðveldara var að greina beiðsli kúnna við áttunda gangmál samanborið við annað gangmál þar sem hreyfing kúnna jókst um 22%. Þetta hefði í för með sér lengra mjaltaskeið, hærra fanghlutfall við sæðingu, nytin helst lengur út mjaltaskeiðið og efnastyrkur mjólkurinnar eykst sömuleiðis. Frumutala, leiðni og sýrustig helst óbreytt.

Kynbætur gripa

Ein þeirra nýjunga sem hafa átt sér stað í kynbótum gripa á Norðurlöndunum er samstarfsverkefni NAV, VikingGenetics, Luke, Århus University, Seges og Växa en í sameiningu hafa þau þróað svokallaðan „Saved Feed index“ til að velja fyrir betri fóðurnýtingu gripanna. Áætlað er að ná megi fram 12% betri

fóðurnýtingu með innleiðingu stuðulsins en hann byggir á „Cattle Feed InTake“ verkefninu sem felur í sér mælingar á fóðurinntöku með þrívíddarmyndavélum (3D). Myndavélarnar greina át kúnna og þyngd þeirra á einstaklingsgrunni. Komið hefur verið fyrir myndavélum í 23 hjörðum sem saman telja yfir 1.000 Holstein, Jersey og rauðar danskar kúr. Um 1.600 myndavélar eru virkar sem taka um 80 milljón myndir á dag. Til stendur að stækka verkefnið enn frekar og árið 2026 er stefnt að því að 10.000 kúr af hverju kyni verði myndaðar á hverjum tíma.

Fóðrun

Sérfræðingar horfa nú til nýtingar hliðarafurða sem fóður fyrir kúr. Með orðinu hliðarafurðir er átt við fóður eða annað sem fellur til við vinnslu á matvælum en mannfólk getur ekki nýtt. Þannig megi í raun hámarka nýtingu uppskerunnar og landsvæðin geta í senn nýst bæði til kornframleiðslu fyrir mannfólk og fóðurframleiðslu fyrir kúr. Svíar rannsókuðu hvort fóðrun á hliðarafurðum samhliða grasfóðrun hefði áhrif á át og mjólkurframleiðslu en svo reyndist ekki vera. Með því að skipta út korni og sojamjöli, sem maðurinn getur nýtt, fyrir hliðarafurðir, var hægt að auka fóðurframleiðsluna í heild án þess að það kæmi niður á framleiðslu og áti kúnna.

Auknar rannsóknir eru nú gerðar til að finna og/eða þróa fóður sem veldur minni losun gróðurhúslofttegunda. Rannsóknir hafa sýnt fram á að minni losun sé til staðar ef gripir eru fóðraðir á olíuplöntum og þangi. Auk þess hefur notkun á 3NOP (3 nitrooxypropanol), sem er lítil sameind sem hindrar lokaskref metanmyndunar í jórturdýrum, sýnt fram á minni losun metans sé henni bætt í fóður. Talið er að ná megi fram

29-31% minni losun metans með notkun þess og hefur Evrópusambandið samþykkt notkun þess í fóðri.

Vinsældir beitar og beitarstjórnunar eykst sömuleiðis þar sem kolefnissporið er lægra og markaðurinn færir að einhverju leyti í átt að afurðum af gripum sem einungis eru aldir á grasi. Með aukinni áherslu á líffræðilegan fjölbreytileika er beit sömuleiðis góð. Dýrt er þó að fá „Grassfeed“ vottun, opinberar greiðslur eru óstöðugar, skemmdir á ræktarlandi geta verið vandamál sem og afföll dýra sökum úlfa og hunda. Allt er þetta þó spurning um framboð, eftirspurn og afkomu.

Hugsum hnattrænt, störfum staðrænt „Think globally, act locally“

Mikilvægt er að horfa á stóru myndina þegar fjallað er um umhverfismál þar sem minni losun frá gripum getur þýtt neikvæðari umhverfisáhrif vegna vinnslu fóðurs, og öfugt. Í einhverjum tilfellum getur því borgað sig að fóðra gripina á umhverfisvænni hátt, þrátt fyrir að losun gripanna sé meiri. „Margt smátt gerir eitt stórt“ en með því að auka notkun olíuplantna í fóður um 5%, bæta hjarðstjórnun um 5%, auka mjólkurframleiðslu grips um 5%, auka kynbætur um 5% og fóðurnýtingu um 5% þá minnkar kolefnisfótspor mjólkurframleiðslunnar um 25%.

Innan nautgriparæktarinnar er ýmislegt sem hægt er að gera til þess að draga úr losun og mörg smá skref verða að einu stóru. Til þess að hrinda þeim í framkvæmd þarf hins vegar breytta hugsun og stuðning samfélagsins alls.

Mismunandi framleiðslustjórnun

Flutt voru erindi um framleiðslustjórnun í mjólkurframleiðslu á Íslandi og í Finnlandi. Framleiðslustjórn



Mynd: Ráðstefnugestir samankomnir fyrir framan Selfoskirkju

í mjólkurframleiðslu í núverandi mynd má segja að hafi verið tekin upp árið 1992 hér á landi og var fest í sessi við endurskoðun samnings um starfsskilyrði í nautgriparækt árið 2019 þegar yfirgnæfandi meirihluti kúabænda, eða um 90% bænda kaus að halda í greiðslumarkskerfið. Byggir núverandi kerfi á tilbodsmarkaði þar sem markaðsverð greiðslumarks er grundvallað á jafnvægisverði, hámarksverð er þó þrefalt afurðastöðvaverð. Alls eru haldnir þrjú markaðir á ári en bændur geta að hámarki óskað eftir 50.000 lítrum til kaups á hverjum markaði.

Í Finnland hefur greiðslumarkskerfið tekið töluverðum breytingum undanfarin ár. Á árunum 1984-1995 var það á vegum finnska ríkisins, þ.e. ríkið sá um útteilingu greiðslumarks. Lítil hreyfing var á markaðinum og bændur áttu erfitt með að stækka bú sín. Ekkert fjármagn tapaðist þó út úr greininni. Árið 1995 gengu Finnar í Evrópusambandið (ESB), þá breyttist kerfið og greiðslumarkið gekk kaupum og solum milli bænda. Við það rauk verðið upp og greiðslumarkið varð mikil fjárfesting en bændur gátu stækkað við sig, hefðu þeir efni á því. Árið 2015 var greiðslumarkskerfið í mjólk síðan afnumið innan ESB. Tilgangur aðgerðarinnar var að lækka mjólkurverð og „eyðileggja“ mjólkurmarkaðinn þar sem meiri mjólk þýddi lægra verð. Bar aðgerðin þó lítinn árangur þar sem verðlækkun á mjólkurvörum skilaði sér ekki til neytenda. Framleiðslumarkaðurinn varð hins vegar frjálfs fyrir bændur, þeir gátu aukið framleiðslu sína en við það varð mjólkurverð óstöðugt og innflutningur á mjólkurvörum jókst. Á síðastliðnu ári, 2021 tók „hið nýja greiðslumark“ gildi þegar stærsta mjólkurafurðastöð Finnlands, Valio, tók að útteila framleiðslurétt til sinna framleiðenda. Samningur er gerður við hvern og einn bónda en framleiðslu-

rétturinn er byggður á framleiðslugetu búansins, aðstöðu, gæðum mjólkurinnar og öðrum þáttum. Þeir bændur sem hafa samning við afurðastöðina geta þannig selt mjólk sína til hennar en framleiðslurétturinn er ekki framseljanlegur og verða bændur að skila honum hyggist þeir ekki nota hann. Mjólkurframleiðsluréttur bænda í Finnlandi liggur því í dag hjá afurðastöðvunum sem ráða gæðaviðmiðum, magninu og staðsetningu framleiðslunnar.

Kýr framtíðarinnar

Yfirskrift einnar málstofu var m.a. kýr framtíðarinnar –nýr eiginleikar–litlir stofnar. Litlir stofnar á sannarlega við íslensku kúnna en Egill Gautason, doktor snemi við Árósháskóla, hélt erindi um rannsóknir sínar á skyldleika íslensku kýrinnar við önnur kúakyn, áhrif innflutnings á stofninn og skyldleikarækt. Rannsókn hans leiddi í ljós að íslenska kýrin tilheyrir hópi norðurnorrænna kúakynja og er eini stóri, óblandaði stofninn innan hópsins. Önnur kúakyn sem tilheyrir þessum hópi eru meðal annars sænskar fjallakýr og finnska landkynið, Finncattle. Nýlegar, óbirtar rannsóknir hafa síðan sýnt að norska Telemark kúakynið er í raun skyldast íslensku nautgripunum. Þrátt fyrir mjög takmarkaðan innflutning á árum áður er íslenska kýrin svo til laus við innblöndun og innflutningur því haft lítil áhrif á stofninn. Þrátt fyrir að íslenska kýrin hafi verið einangruð lengi er skyldleikarækt lítil í stofninum en hún eykst um 0,14-0,19% á ári, sem er sambærilegt og hjá öðrum mjólkurkúastofnum.

Í Noregi leggur Geno áherslu á norska rauða kúakynið verði leiðandi sem sjálfbært og efnahagslega hagstætt kúakyn með því að viðhalda erfðabreytileika, forðast skyldleikaræktun og hafa breitt ræktunarmarkmið. Minni áhersla er nú lögð á mjólkurmagn en aukin áhersla á júgurheilbrigði, heilsufar og frjósemi. Auk þess er verið að rannsaka nýja eiginleika á borð við fôðurnýtingu og metanlosun. Fyrstu niðurstöður metanrannsókna sýna að kýrnar losa að meðaltali 441 g metans á dag, erfðafræðilegur breytileiki er til staðar í kyninu og eiginleikinn hefur arfgengi upp á 0,22. Ýmis tækifæri eru því til staðar til að rækta umhverfisvænna kyn en áframhaldandi rannsóknir mikilvægar. Niðurstöður fôðurrannsóknna liggja enn ekki fyrir en Norðmenn vinna nú að þróun fôðurnýtingarstuðuls fyrir norska rauða kúakynið.



Mynd: Lars, Elín og Jóhannes

Í Svíþjóð er áhersla lögð á nýja eiginleika líkt og metanlosun og aukna fódurnýtingu gripanna en stefnt er að frjósamari og heilbrigðari nautgripum með gott skap, gott sköpulag og mikil mjólkurgæði. Telja Svíar að langlífi, heilbrigði og frjósemi komi til með verða fyrirferðameira í ræktun næstu ára en mikilvægt sé að stunda ábyrga og sjálfbæra ræktun. Það sé gert með því að varðveita gömul gen (ræktunarkyn), fylgja ræktunarmarkmiðum, lágmarka umhverfisáhrif og síðast en ekki síst, með því að skapa verðmæti fyrir bændur.

Ræktendur danskra Holstein kúa telja að nú fyrst förum við að sjá raunverulega framleiðslugetu kúnna og gert er ráð fyrir því að í fyrsta skipti framleiði yfir 1.000 Holstein kýr meira en 100.000 kg af mjólk á æviskeiði sínu. Stefnt er á aukið langlífi og betri nýtingu á gripunum en hvoru tveggja leiðir af sér umhverfisvænni kýr. Áhersla er einnig lögð á gott sköpulag og góða fódurnýtingu en gífurlega sterkt val er til staðar innan Holstein kynsins, bæði með erfðamengisúrvali og kyngreiningu sæðis. Fram kom að fjöldi Holstein kúa á Norðurlöndunum hefur haldist nokkuð stöðugur undanfarna áratugi á sama tíma og kúm af öðrum kynjum hefur fækkað.

Norrænt samstarf (NCDX og iDDEN)

Árið 2013 ákváðu Norðurlöndin að slá höndum saman og þróa sameiginlegt viðmót sem flytur gögn milli mjaltakerfa og gagnagrunna nautgriparæktarinnar. Mtech Digital Solutions í Finnlandi sá um þróun viðmótsins sem kom til notkunar árið 2015 og gengur undir nafninu Nordic Cattle Date Exchange (NCDX). NCDX sér um flutning gagna á milli mjaltakerfanna og gagnagrunna skýrsluhaldsins og er í dag tengt Lely og DeLaval mjaltapjónum. NCDX er þannig notað á yfir 1.500 búum í dag en það safnar helstum upplýsingum um kýrnar; grunnupplýsingum, hreyfingu, burðum, beiðslum, fangskoðunum, geldstöðu auk mjólkurskýrslna.

Kerfið var síðan útvíkkað þegar Ástralía, Austurríki, Belgía, Kanada, Þýskaland, Holland og Bandaríkin keyptu hugbúnað NCDX og stofnuðu félagið iDDEN eða The International Dairy Data Exchange. Félagið sér nú um áframhaldandi þróun kerfisins og hefur sett sér þau markmið að safna gögnum ekki einungis úr mjaltapjónum heldur einnig úr hálsböndum kúnna, úr gjafakerfum og tilraunastofum (mjólkurskýrslur). Með stofnun iDDEN hafa 13 lönd með samtals 20 milljónir mjólkurkúr sameinast um þróun á tæknilausnum sem gerir gagnaflæði milli tölvustýrða mjaltakerfa og annarra bústjórnarlausna

einfalt og skilvirkt. RML er aðili að NCDX og iDDEN og vinnur að innleiðingu lausnarinnar hérlandis.

Bio<ode

Harri Mäkivuokko kynnti ráðstefnugesti fyrir Bio-code, vefþjónustu sem hjálpar fyrirtækjum og einstaklingum að finna leiðir til að minnka kolefnisfótspor sitt. Vefþjónustan er í eigu tveggja finnskra landbúnaðarsamtaka, Association of ProAgria og Mtech Digital Solutions en markmið hennar er að skapa verðmæti fyrir bændur og matvælafyrirtæki. Forritið er einfalt í notkun, notendur þurfa einungis að þekkja sína framleiðslu og/eða þá þjónustu sem þeir nýta sér, forritið reiknar út kolefnisfótsporið byggt á allri virðisdeðju (lífsferil) vörunnar og leggur til leiðir hvernig minnka megi kolefnisfótsporið. Bændur t.d. skrá inn uppskeru og þá þjónustu sem þeir nýta og fá þannig upplýsingar hvernig þeir geti stundað umhverfisvænni búskap. Þannig er hægt að nota forritið til að aðstoða sig við að velja umhverfisvænni vöru ásamt því að velja umhverfisvænni framleiðendur og fyrirtæki.

Að lokum

Það helsta sem í huga manns situr eftir ráðstefnuna er hve Norðurlöndin eiga miklu meira sameiginlegt heldur en maður leiðir hugann að dags daglega. Samstarf þessara frændþjóða er vaxandi og hefur aukist jafnt og þétt á undanförmum áratugum. Þar má nefna sameiginlegt kynbótastarf Dana, Finna og Svía og öflugt og vaxandi samstarf á sviði skýrsluhalds. Það er alls ekki óhugsandi að framtíðin beri í skauti sér einn sameiginlegan norrænan nautgriparæktargagnagrunn.

Greinilegt er að áherslur í ræktunarstarfinu færast stöðugt yfir á aðra eiginleika en nyt og aðrir eiginleikar sem einkum lúta að endingu, frjósemi og heilsufari vega stöðugt þyngra. Þá er stöðugt leitað nýrra leiða til að meta þessa þætti með meira öryggi en hingað til. Loftslagsmálin voru fyrirferðarmikil og þess ekki langt að bíða að losun metans frá nautgripum fari minnkandi með kynbótum, betri fódurnýtingu, meiri endingu kúnna og betri og markvissari bústjórn.

Greinilegt var að Danir töldu afnám framleiðslustýringar eitthvert mesta happ sem mjólkurframleiðsla hefur upplifað í langan tíma meðan að hinar þjóðirnar eru meira efins.

Félagsskapur eins og NØK á fullan rétt á sér og mun áfram stuðla að aukinni samvinnu og betri og hagkvæmari nautgriparækt á Norðurlöndunum.

114. aðalfundur

Búnaðarsambands Suðurlands haldinn 8. mars 2022 að Hótel Dyrhólaey

1. Fundarsetning,

Gunnar Kr. Eiríksson formaður BSSL.

Gunnar Kr. Eiríksson setti fundinn og bauð fulltrúa og þá sérstaklega fulltrúa úr Austur-Skaftafellssýslu og aðra gesti velkomna, sameiningarvinna er í gangi milli Búnaðarsambands Suðurlands og Búnaðarsambands Austur-Skaftafellssýslu. Hann gerði það að tillögu að starfsmenn fundarins yrðu Ragnar Lárusson sem stýrði fundi og Björg Agnarsdóttir og Helga Sigurðardóttir, starfsmenn Búnaðarsambandsins rituðu fundargerð.

2. Skipan kjörbréfanefndar,

Sveinn Sigurmundsson.

Sveinn Sigurmundsson bar upp tillögu um skipan kjörbréfanefndar að Skeggi Gunnarsson, Skeggjastöðum, yrði formaður og með í nefndinni væru Þórarinn Bjarnason, Þykkvabæ 1, Berglind Hilmarsdóttir, Núpi, Gunnar Ríkharðsson BSSL starfaði með nefndinni.

3. Skýrsla stjórnar, Gunnar Kr. Eiríksson.

Gunnar lýsti ánægju yfir að geta loks haldið staðarfund því fjárfundir henta ekki eins vel á svona stórum fundum og gaman að fá loksins að sjá framan í fólk. Á árinu gengu úr stjórn þeir Ragnar Lárusson, Stóra-Dal og Erlendur Ingvarsson, Skarði og þakka hann þeim gott samstarf, í þeirra stað komu inn í stjórn þau Hulda Brynjólfsdóttir, Tyrfingsstöðum og Páll Eggertsson, Arngeirsstöðum. Þetta árið voru haldnir 5 formlegir stjórnarfundir og einn fjárfundur með stjórn Bændasamtaka Íslands.

Stjórnin skipaði laganefnd á árinu til að fara yfir lög BSSL og í þeirri nefnd sitja Sigurður Loftsson, Steinsholti, formaður, Jóhann Nikulásson, Stóru-Hildisey 2 og Elín Heiða Valsdóttir, Úthlíð.

Túnkortagerð hefur verið í nokkru uppnámi frá því að Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins sendi bréf til BSSL þess efnis að kortagrunni Loftmynda yrði lokað 31.1.2022 og búið væri að upplýsa BÍ um þessa ákvörðun. Búnaðarsambönd hafa séð um túnkortagerð frá 2013 þegar RML var stofnað samkvæmt samkomulagi milli sambandana og BÍ. Viðræður eru nú í gangi milli búnaðarsambandanna og RML um framtíð túnkortavinnunar og var opnað

aftur á kortagrunninn. Vonandi verður þessu lent farsælega með hagsmuni bænda að leiðarljósi.

4. Reikningar BSSL og skýrsla framkvæmdastjóra, Sveinn Sigurmundsson.

Sveinn fagnar því að vera hér á staðarfund og þakkar góða mætingu á 114. aðalfund BSSL. Búnaðarsambandið hefur enga ríkisstyrki né sjóðagjöld lengur, bara félagsgjöld og tekjur af rekstri fyrirtækjanna, sem skila 11 milljónum í hagnað eftir árið og samanlögð velta fyrirtækjanna þ.e. BSSL, Kynbótastöðvar ehf. Bændabókhalds ehf. og Stóra Ármóts ehf. er 353 milljónir. BSSL er skuldlaust en dótturfyrirtækin Kynbótastöð ehf. og Stóra Ármót ehf. skulda sambandinu, sem skýrir þær fjármunatekjur sem BSSL hefur. Litlar sviftingar voru á síðasta ári, stærstu fjárfestingarnar voru kaup á Fullwood/Merlin mjaltapjóni á Stóra Ármóti og hjá Kynbótastöð voru það kaup á Teslu rafmagnsbíl á haustmánuðum.

Hjá BSSL eru helstu breytingar tengdar félagskerfinu og lagabreytingar sem tengjast því. Sambandið er með sterka eignastöðu, á sitt skrifstofuhúsnæði og jörð. Vinna framkvæmdastjóra fyrir BSSL er þó ekki nema um 30% af hans vinnu, annað er vinna fyrir dótturfyrirtækin. Helga er í 40% starfi og þá er það upptalið. Aðrir starfsmenn vinna hjá dótturfyrirtækjum og Brynja vinnur mest fyrir RML. Við reksturinn er mikilvægt að horfa á þau samlegðaráhrif sem fyrirtækin hafa hvert af öðru. Tryggingamálin eru alltaf fyrirferðarmikil í rekstrinum en með hjálp utanaðkomandi aðila tókst að lækka tryggingarnar um 700 þúsund.

Túnkortagerð og aðgangur að Jörð.is snýst um meira en að gera ný túnkort, aðalvinnan er að laga eldri túnkort.

Vinna fyrir matvælaráðuneytið er mikil á haustin og að mestu unnin af starfsfólki Bændabókhalds en þá er bókhaldsvinnan minni. Úttektarfulltrúar vegna jarðræktar- og landgreiðslustyrkja eru Björg, Gunnar, Helga, Ólafur og Sveinn. Árið 2021 voru greiddar út 380 milljónir, eða 34.687 kr. á ha vegna jarðræktar og 378 milljónir vegna landgreiðslna, 4.718 kr. á ha. Ásamt þessari úttektarvinnu eru sendar inn haustskýrslur fyrir bændur sem og önnur

verkefni sem við fáum frá ráðuneytinu. Gerð var úttekt á tjóni á girðingum, en þá vinnu þarf bóndinn að borga fyrir og mikilvægt að vita hver styrkurinn er áður en farið er af stað í þá úttekt.

Bændabókhaldið greiðir fyrir húsaleigu og aðstöðu og þar er tap upp á 600 þúsund kr. Stefnt er að hækka tímagjald á útselda vinnu og vinnu milli fyrirtækja. Bændabókhaldið er með um 245 viðskiptavinum, þar af 85 félög og 160 einstaklinga og rými til að auka starfsemina.

Stóra Ármót er með afurðatekjur, tekjur fyrir sölu á heitu vatni, heysölu til Nautís ofl.

Breytilegur kostnaður á búinu er meiri en á venjulegu búi samkvæmt úttekt Runólfs Sigursveinssonar hjá RML, en hann hefur unnið greiningu á búinu undanfarin ár.

Á síðasta ári var keyptur mjaltþjónn Fullwood/Merlin og kostnaður við hann var innan við 20 milljónir.

Búið hefur skilað góðum hagnaði síðustu árin, en skuldir við móðurfélag eru rúmar 32 milljónir sem er frá því að einkahlutafélagið var stofnað.

Vinna við deiliskipulag á 4 lóðum á Ármótsflöt er í gangi og stefnt að því að leigja þær.

Selfossveitur hafa leigt nýtingarrétt til rannsókna og borunar á heitu vatni síðustu ár. Fyrstu árin voru holurnar ekki mikið nýttar. Fyrir búið er þetta enginn kostnaður og holurnar eru í útjaðri jarðarinnar og lítið ónæði af þessu. Tekjur á síðasta ári námu 6 milljónum kr.

Vinna hefur verið í gangi að koma aftur á sambandi við Landbúnaðarháskóla Íslands, en rektor og deildarstjóri komu í heimsókn til að skoða aðstöðuna og ræða málin. Tilraunir og athuganir er það sem við viljum fá meira af á Stóra Ármót og í vor verður gerð byggtílaun í samstarfi við LbhÍ. Í gangi er athugun á áhrifum kölkunar, dólómít kalki, skeljasandi og engri kölkun. Þá er líka í gangi tilraun á djúpfrystu hrútasæði miðað við mismunandi sæðingartíma. Samvinna við Nautís er mikil. Einn möguleikinn er að mynda ræktunarkjarna úrvalsgrípa sem yrðu valdir út frá úrvali út frá erfðamörkum. Hægt er að greina við fæðingu kálfs hversu góður gripurinn er.

Fundarsalurinn á Stóra Ármóti hefur verið ágætlega nýttur.

Skógræktin er líka að fara í samstarf og ætlar að gera tilraun á birki af innlendum og erlendum stofni sem fara í skjólbelti og skjóllundi.

Kynbótastöð ehf. er stærsta fyrirtæki BSSL. Miklar launahækkanir urðu á árinu en launavísitala hefur

hækkað mikið á síðustu árum. Nokkur hækkun var á sæði frá Nautastöðinni.

Fjöldi kúasæðinga á árinu var 20.016 og er það um 44% af sæðingum í landinu. Meðalverð vegna sæðinga er ca. 3.000 kr. en á Austurlandi er gjaldið aðeins hærra. Fanghlutfall hækkar milli ára en í boði eru beiðslisgreiningarnámskeið sem bændur hafa verið að sækja.

Klaufsnyrting var gerð á 5.534 kúm á 112 búum og meðalverð 2.094 kr./kú. Það er komið að því endurnýja klaufsnyrtibásinn og því óhjákvæmilegt að hækka gjaldskrána.

Rekstur á bílum Kynbótastöðvarinnar kemur alltaf þægilega á óvart, en kostnaðurinn er 51,62 kr/km með afskriftum sem eru 20% á ári. Keypt var fjórhjóladrifinn Tesla sem nú er búið að keyra 30.000 km, Teslan reynist vel en er full lág. Kynbótastöðin stefnir að því að vera með fleiri rafbíla í rekstri. Hagræðing í rekstri varð nokkur þegar fastráðnum frjótæknum var fækkað úr 4 í 3 en það var gert í kjölfar þess að einn frjótæknir fór í veikindaleyfi.

Á nýafstöðnu búgreinaþingi var samþykkt að stefna að því að sæðingastarfsemin færi í eitt rekstrarfyrirtæki á landsvísu til að ná því fram að jafna aðstöðumun milli kúabænda gagnvart kostnaði við sæðingar. Það má byrja á því að greina aðstöðumun út frá eknum km/sæðingu.

Í sauðfjársæðingum var aukning í þátttöku og voru sæddar 12.780 ær með fersku sæði. Fanghlutfallið var 67% frá stöðinni 2021. Sæðisflutningar gengu vel því veður var gott. Ónýtur blöndunarvökvi varð þess valdandi að ekkert sæði var fryst í nóvember. Í gangi er nemendaverkefni við LbhÍ um samband sæðisgæða og fanghlutfalls. Rekstur stöðvarinnar var með betra móti sem helgast af því að þátttakan í sæðingum var meiri en undanfarin ár.

Nautís. Frá upphafi hafa fæðst 45 kálfar með norskum fósturvísnum og 11 kálfar úr innlendum fósturvísnum. Á síðasta ári kom norskur dýralæknir Tjerand Lunde, sem vinnur hjá Geno við fósturvísaskolun í verkefninu úrval út frá erfðamörkum. Hann aðstoðaði okkur við fósturvísaskolun og upplýsti okkur að í Noregi væri fanghlutfallið um 28% með fósturvísnum hjá mjólkurkúm. Þetta er svipaður árangur og við höfum verið að ná hér á landi. Nautís hefur aðgang að besta erfðaeftni Angus holdagripa í Noregi en tilgangurinn er að bæta samkeppnisstöðu innlendrar nautakjötsframleiðslu. Á næstunni eru að bætast við 18 kálfar sem eiga að fæðast á næstu

vikum/mánuðum og almennt er bústjóri ánægður með lífsþrótt og dugnað kálfanna þegar þeir fæðast. Nautís er dæmi um vel heppnað fyrirtæki með góð samlegðaráhrif við búið á Stóra Ármóti.

Búnaðarsambandið eru samtök bænda og fólks í dreifbýli á Suðurlandi. Mikil breyting hefur orðið á undanförunum árum og ekki rétt að staldra við í neikvæðninni, þó það hafi verið á brattann að sækja frá 2012. Jafnt og þétt hefur fjármagn, verkefni og hlutverk verið að fara frá BSSL. Sterk eignastaða og samlegðaráhrif fyrirtækja BSSL eru þar að vinna með okkur en það þarf að halda rétt á spöðunum svo þetta gangi upp.

Við viljum gjarnan vinna fyrir aðildarfélögin okkar og bændur á Suðurlandi. Hvað ætla aðildarfélögin okkar að gera og hvernig geta þessi samtök frá 1908 unnið að hag bænda sem best?

5. Ávarp gesta, Gunnar Þorgeirsson, formaður Bændasamtaka Íslands.

Þakkar boðið, fannst athygli vert í ræðu Sveins samlegðaráhrif fyrirtækja BSSL og tryggingamál.

Ræddi málefni bændastéttarinnar, það hefði mátt standa betur að afnámi búnaðargjaldsins og halda í einhverja fjármuni til að setja í samtryggingu og tilraunir. Náttúruhamfarasjóður sem áður hét Bjargráðasjóður greiðir styrki en ekki tryggingabætur, en það er greiddur skattur af styrkjum en ekki tryggingabótum. Þarf að skilgreina betur hvort um sé að ræða tryggingabætur eða styrki. Gunnar ræddi um að nú séu engar tekjur í Bjargráðasjóð/ Náttúruhamfarasjóð og skyldutryggingar bænda, sem tryggingafélögin græða á, hvernig er hægt að gera betur?

Á búgreinaþingi var áhugavert að fylgjast með bændum hittast og ráða ráðum sínum óháð búgreinum, en hópurinn skiptist svo í smærri búgreinaþing. Á búgreinaþingi var ákveðið að stefna að því að fara í eitt fyrirtæki fyrir kúasæðingar á landsvísu. Það er áhugavert að skoða gjaldskrána fyrir sæðingar eins og hún er hér á Suðurlandi. Þetta mál þarf að ræða og vinna meðal bænda.

Matís vildi virkja þingið til að finna út hvernig á að auka virði landbúnaðarvara og fá líka að borðinu LbhÍ, þessi tvö fyrirtæki munu taka þátt í nýsköpunarumræðunni og finna út hvernig við aukum virði landbúnaðarafurða. Mikil krafa er um sjálfbærni og ekki síður nýsköpun og hvernig við getum nýtt betur það sem landið býður upp á. Þar er m.a. verið að skoða þang og þara, hvernig getum við nýtt þetta í stað plasts. Nú á stríðstímum þurfum við að huga betur að sjálfbærni og hugsa til framtíðar. Úkraína

er fjórði stærsti útflutningsaðili á korni í heimi. Hvað gerist ef ekki næst að sá til korns í vor? Hækkun á eldsneytisverði er mikil, sem leiðir til hækkunar á áburði og plasti. Hvernig ætlum við að vera sjálfbærari í að framleiða matvæli fyrir íslenska þjóð. Hvetur alla til að leita leiða og nýta tækifærið til nýsköpunar. Það þarf að fylgjast með stöðu fóðurfyrirtækja hvernig þau geta tryggt að skortur á fóðri verði ekki. Í dag er ekki skortur en bændur þurfa að borga meira og því þarf huga að sjálfbærni og skoða hvernig hægt er að yrkja jörðina enn betur. Dönsku Bændasamtökin eru að framleiða prótein úr grasi, sem er mjög spennandi verkefni. Á Húsavík er líka verið að þurrka gras og búa til prótein, með stuðningi frá Búnaðarsambandi Norður-Þingeyinga.

Verkefni tengd laxeldi á landi mun aukast um 60 þúsund tonn. Af þessu kemur um 40 þúsund tonn af slóg og seyru. Þar eru sóknarfæri í þróun og vinnslu á því og nota þetta til að vinna betur í hringrásarhagkerfinu.

Að lokum má ekki gleyma að það eru fullt af tækifærum í garðyrkju, akuryrkju, lambakjöti og almennt í landbúnaði hér á Íslandi. BÍ og búnaðarsamböndin þurfa að vera dugleg að upplýsa neytandann um hvaðan vörurnar eru svo þeim fækki sem halda að mjólkinn og kjötið verði til í Bónus eða Krónunni.

6. Umræður.

Kjartan Ólafsson, Hlöðutúni beindi orðum sínum til Gunnars formanns BÍ. Það skiptir gríðarlegu máli að hafa sterk Bændasamtök og búnaðarsambönd til að kynna fyrir fólki hvaðan maturinn kemur, til dæmis með landbúnaðarsýningum og kynningum. BSSL er gríðarlega sterk samtök og skiptir miklu máli að eiga samtalið. Skelfilegt að hugsa til þess hvað eignir BÍ hafa horfið. Gunnar ræddi lítið um RML og starfsemina þar. Skilur ekki að í þessum umbreytingum verði ekki meiri samþætting á starfsemi BÍ og búnaðarsambanda, það fjarar undan og gott starfsfólk fer ef það er ekki hlúð að samþættingu.

Sigurður Loftsson, Steinsholti. Það er ýmislegt sem leitar á hugann þessa dagana. Til dæmis innrás Rússlands í Úkraínu, hvaða áhrif hefur það á landbúnað í heiminum og hvaða áhrif hefur það á okkar landbúnað? Sakna þess að sjá ekki matvælaráðherra Íslands koma fram með tillögu um hvernig tryggja á matvælaöryggi í landinu, hvar er aðgerðaráætlun? Það er alltaf verið að hjakka í sama farinu, sem dæmi má nefna að við framleiðum nóg af tómtum og agúrku en eigum ekki nóg af papriku.

Í staðinn fyrir að nýta endurnýtnalega orku og fram-

leiða áburð hér á landi, þá er áburður framleiddur í Rússlandi. Er ekki kominn tími til að fara að framleiða áburð hér á landi aftur, okkur vantar fyrst og fremst köfnunarefni. Það vantar stefnu um framleiðslu á fõðri og áburði. Af hverju er fiskimjöl ekki notað? Við þurfum að nýta hluti betur. Hvert er skipulag RML, það er að minnsta kosti kominn tími á að endurskoða uppbyggingu á því. Er kannski kominn tími á að BÍ taki það aftur og verði meiri drifkraftur í starfsemi RML. Það hefur mistekist að fyrirtækjavæða RML. Áburðarniðurgreiðsla er góður stuðningur við bændur, en útreikningurinn er fremur frumstæður. Athyglisvert að stuðningur við áburðarkaup bænda 2022 skuli vera reiknaður út frá ræktun ársins 2021. Það má segja að þetta breytist ekki milli ára en miðað er við hektaratöluna sem var greidd í fyrra, frekar en að greiða hlutfall sem greitt var í fyrra.

Aðalbjörg Ásgeirsdóttir Stóru-Mörk vill taka undir athugasemdir Sigurðar og þakkar Gunnari þá bjartsýni sem hann hefur en hún er ekki bjartsýn þessa dagana. Þekkir engan bónda sem vill ekki framleiða meira. Í síðustu rekstrargreiningu sást að hagar kúabænda fer versnandi. Hvernig eru tollamál og tollkvótar á innflutning búvara? Bendir á bændur eru að gera eins vel og þeir geta en það er ekki hægt að framleiða korn og nautakjöt án þess að fá eitthvað fyrir annað en klapp á bakið.

Berglind Hilmarsdóttir, Núpi brennur fyrir tryggingamálum bænda og vildi koma á framfæri fyrirtæki sem vill gera nýtt áhættumat fyrir bændur, því þar er stuðst við gamalt mat sem er löngu úrelt. Bændur eru með eignatryggingar en ekki rekstrartryggingu eins og flest fyrirtæki í rekstri. Iðgjöld eru í miklu ósamræmi og löngu tímabært að fara yfir tryggingamál bænda.

Hvernig er samstarfi BÍ við norræn samtök bænda háttáð, þá sérstaklega vegna matvælaframleiðslu í stríðsástandi? Unnin var skýrsla af samtökum bænda á norðurlöndum, hvað kom út úr þeirri skýrslu?

Trausti Hjálmarsson, Austurhlíð spyr Gunnar Þorgeirsson út í stefnu matvælaráðherra, er eitthvert samtal í gangi milli BÍ og ráðuneytis? Flótti úr sauðfjárræktinni síðustu ár og stefnir í flóttu úr öðrum stéttum bænda. Ríkisvaldið þarf að hafa kjark til að fjárfesta í íslenskum landbúnaði.

Gunnar Ríkharrðsson, BSSL spyr Gunnar Þorgeirsson varðandi vatnsveitur. Framlagið á síðasta ári dugði ekki til að greiða þessi 40%, því það voru of margir sem sóttu um á síðasta ári, ekki sanngjarnt að þú fái minna af því þú sóttir um á

vitlausu ári. BÍ þarf að skoða þetta mál þó að það komi úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Varðandi niðurgreiðslu á áburðarkaupum þá er spurning hvort þetta standist jafnræðisreglu. Að viðmiðið séu upplýsingar úr skýrsluhaldi í Jörð.is, því það er ekki skylda að vera með skýrsluhald. Dæmi eru um bændur sem hafa alltaf sótt um styrki en gleymdu því 2021 og fá þá engan styrk til áburðarkaupa. BÍ á að skoða hvort þetta standist jafnræðisreglu.

Gunnar Þorgeirsson svarar.

Horfum til framtíðar og búnaðarsambönd og búnaðarfélög þurfa að sameinast meira.

Það var skammsýni að fella allt búnaðargjaldið út en það hefði vel mátt halda eftir hluta af því sem mátti nota í leiðbeiningar, útgáfustarf, nýsköpun ofl. Engar greiðslur eru í Bjargráðarsjóð. Það er ekki svigrúm til að gera neitt þegar fjármuni vantar.

Hótel Saga var löngu farin á hausinn fyrir mína tíð.

Tekur undir að það þarf að tengja RML betur við nýtt félagskerfi, þá fjármuni sem RML fékk í gegnum áburðarstyrki þarf að nýta vel og finna leiðir til framtíðar hvað á að gera.

Þurfum að byggja áburðarverksmiðju á Íslandi og er sú vinna í gangi. BÍ er í viðræðum við orku-fyrirtæki landsins. Varðandi fæðuöryggi, þá er BÍ í viðræðum við matvælaráðuneytið með að gera aðgerðaráætlun strax. Þjóðaröryggisráð Íslans er að vinna í því hvernig við brauðfæðum heila þjóð ef við fáum ekki aðföng.

Varðandi kjötmjölið þá eru mismunandi reglur hjá heilbrigðisefirliti milli landshluta á nýtingu á kjötmjöli. Styrkur til áburðarkaupa; BÍ vildi að bændur fengju greitt á keyptan áburð en ekki eftir þeirri aðferð sem samþykkt var.

Aðalbjörg; við getum alltaf gert betur í tollamálunum, við eigum ekki að samþykkja að flytja inn meira en t.d. Norðmenn sem leyfa innflutning á 9% af sinni landsframleiðslu á meðan við erum með 20% af okkar landsframleiðslu.

Berglind; sú skýrsla sem þú vísar í verður rædd á næstu dögum, því fulltrúi frá okkur er á fundi núna með norrænu samtökunum.

Varðandi kynningarmál þá er gaman að upplýsa að landbúnaðarsýning verður núna í október 2022 en sú sýning átti að vera 2020.

Sammála Trausta um að koma með raunhæfa aðgerðaráætlun á þessum krísutímum.

Gunnar; varðandi vatnsveitur þá skilur enginn þessa útreikninga og ég er fegin að þetta er ekki á höndum BÍ því þetta er alfarið á höndum sveitarfélagana.

Varðandi áburðarstyrkinn þá þurfum við að fá þessar greiðslur úr ráðuneytinu en höfum ekki möguleika á að kæra þetta og þarna sést vel vandi í hagsmunabaráttu, stundum náum við fram okkar viðhorfum en stundum ekki.

7. Matarhlé.

8. Kjörbréfanefnd skilar álit.

Skeggi Gunnarsson, Skeggjastöðum formaður nefndarinnar las upp kjörbréf, en rétt til setu á fundinum eiga fulltrúar frá 30 búnaðarfélögum og 5 búgreinafélögum. Á fundinum munu þó bætast í hópinn fulltrúar frá Búnaðarsambandi Austur-Skaftafellssýslu, kjörbréf þeirra verða tekin fyrir eftir lagabreytingu.

Mættir voru 27 fulltrúar frá 17 búnaðarfélögum og 4 búgreinafélögum, ásamt 2 fulltrúum frá Búnaðarsambandi Austur-Skaftafellssýslu.

Sjá töflu aftast í fundargerð.

9. Umræður um skýrslur og reikninga.

Kjartan Ólafsson, Hlöðutúni, ræddi aðeins sterka stöðu BSSL og kom með hugmynd um sameiginleg innkaup á ýmsum rekstrarvörum, t.d. olúkaupum sem gætu nýst bændum vel.

Varðandi Stóra Ármót þá má ekki gleyma að jörðin var gefin BSSL og í gjafabréfinu er skýrt tekið fram að ekki má selja jörðina. Varðandi það land sem er í deiliskipulagi á Ármótsflöt þá þarf að hafa það í huga.

Sterk staða BSSL er ómetanlegur stuðningur við bændur á þessum óvissutímum sem nú eru og vert að þakka.

Sveinn svaraði Kjartani og þakkaði fyrir, en út af gjafabréfinu þá er hugsað um leigulóðir en ekki til sölu.

Reikningar BSSL og skýrsla stjórnar borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

10. Skipað í nefndir.

Skipað var í nefndir og þær verða þrjár:

Laganefnd, formaður Sigurður Loftsson, Steinsholti.
Fjárhagsnefnd, formaður Pétur Guðmundsson, Hvammi.

Allsherjarnefnd, formaður Kjartan Ólafsson, Hlöðutúni.

11. Tillögur lagðar fram og kynntar.

Tillaga nr. 1 frá laganefnd breytt lög Búnaðarsambands Suðurlands.

Lög Búnaðarsambands Suðurlands

Tillaga að breytingum fyrir aðalfund 8. mars 2022

1.gr.

Búnaðarsamband Suðurlands, skammstafað BSSL, er samband búnaðar- og búgreinafélaga sem starfa í Árnes-, Rangárvalla- og Skaftafellssýslum. Það er aðili að Bændasamtökum Íslands. Heimili og varnarþing þess er á Selfossi.

2.gr. tillaga

Aðild að Búnaðarsambandinu geta átt þeir einstaklingar og lögaðilar, sem þess óska og stunda búrekstur í atvinnuskyni, enda séu þeir félagar í aðildarfélagi, sbr.1. gr

Aðild einstaklinga skal óháð því hvort þeir stunda búrekstur í eigin nafni eða annarra. Undir búrekstur fellur hverskonar búfjárrækt, jarðrækt, skógrækt, garðrækt og ylrækt. Einnig eftirfarandi starfsemi fari hún fram á starfsvæðinu:

Eldi og veiðar vatnafiska, nýting hlunninda, framleiðsla, úrvinnsla og þjónusta.

Búnaðarsambandið skal halda skrá yfir aðildarfélag sín og samræmda félagaskrá yfir alla félagsmenn þeirra, svo og skrá yfir fullgilda félagsmenn Búnaðarsambandsins.

3. gr.

Tilgangur Búnaðarsambandsins er að vera heildarsamtök sunnlenskra bænda og vera í forsvari fyrir sunnlenskan landbúnað.

Efla hvers konar framfarir í landbúnaði, gæta hagsmuna og auka hagsæld þeirra sem landbúnað stunda

Að framfylgja á hverjum tíma gildandi löggjöf um íslenskan landbúnað í samstarfi við þá aðila sem annast framkvæmd slíkra laga.

4. gr.

Búnaðarsambandið hyggst ná tilgangi sínum með því að:

a) Vera í forsvari fyrir sunnlenskan landbúnað, koma fram fyrir hans hönd og annast kynningu á honum og standa vörð um hagsmuni sunnlenskra bænda.

b) Reka ýmis konar þjónustu fyrir bændur, eftir því sem þörf er fyrir á hverjum tíma.

c) Styðja hvers konar félagslega starfsemi í héraðinu sem stuðlar að framförum í landbúnaði.

d) Annast miðlun fróðleiks og kynningarefnis eftir því sem henta þykir á hverjum tíma.

e) Vera tengiliður aðildarfélaganna og félagsmanna við Bændasamtök Íslands. Sjá um kosningu til Búnaðarþings og önnur þau hlutverk sem kveðið er á um í samþykktum Bændasamtaka Íslands.

f) Annast ýmiss konar umsóknir, eftirlit, umsjón, út-

tektir og vottun eftir því sem lög og reglur kveða á um.

g) Sjá um rekstur þeirra fyrirtækja sem eru í eigu Búnaðarsambandsins og annast eignir þær, sem eru innan vébanda þess.

5. gr.

Heimilt er Búnaðarsambandinu að innheimta árgjald af félagsmönnum og skal upphæð þess ákveðin á aðalfundi sambandsins fyrir yfir standandi ár. Gjaldið má innheimta beint af félagsmönnum eða gegnum aðildarfélögin. Gjaldi þessu skulu félagsmenn skila fyrir 1. desember ár hvert. Heimilt er að víkja félagsmanni úr Búnaðarsambandinu hafi hann ekki staðið skil á árgjaldi ári eftir álagningu.

Reikningssár Búnaðarsambandsins er almanaksárið.

6. gr.

Á aðalfundi skal kjósa tvo fulltrúa til setu á Búnaðarþingi og jafn marga til vara. Skal einn fulltrúi kosinn úr Skaftafellssýslum og einn úr Árnes og Rangárvallasýslum. Sami háttur skal hafður með kjör varamanna. Kjörgengi til Búnaðarþings hafa einungis þeir félagar Búnaðarsambandsins sem uppfylla aðild að Bændasamtökum Íslands, samkvæmt staflíð a og b í 3. gr samþykta Bændasamtaka Íslands. Falli atkvæði jöfn skal hlutkesti ráða.

7. gr.

Stjórn Búnaðarsambandsins skal skipuð sex mönnum. Formaður, varaformaður, ritari og þrír meðstjórnendur. Kosnir skulu jafnmargir til vara. Stjórn og varastjórn skal þannig skipuð: Úr Austur-Skaftafellsýslu einn stjórnarmaður, úr Vestur-Skaftafellsýslu einn, úr Rangárvallasýslu tveir og úr Árnesýslu tveir. Stjórnarmenn og varamenn þeirra skulu kosnir til þriggja ára, þannig að Árnesingar skulu kosnir eitt árið, Rangæingar annað árið og Skaftafellingar hið þriðja.

Tveir skoðunarmenn reikninga skulu kosnir til tveggja ára í senn og tveir til vara.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Hún ræður framkvæmdastjóra, er sér um daglegan rekstur sambandsins, reikningshald og ráðningu starfsfólks í samráði við stjórn sambandsins. *Falli atkvæði jöfn innan stjórnar við afgreiðslu mála, ræður atkvæði formanns niðurstöðu.*

8. gr.

Æðsta vald Búnaðarsambandsins er aðalfundur, skal hann haldinn árlega og eigi síðar en þremur vikum fyrir Búnaðarþing. Skal boða til hans með minnst hálfsmánaðar fyrirvara.

Á aðalfundi eiga sæti kjörnir fulltrúar félaga sem

aðalfundur Búnaðarsambands Suðurlands hefur samþykkt sem aðildarfélög.

Hvert aðildarfélag á rétt á fulltrúum sem hér segir:

Þar sem félagatala er allt að 60, einn fulltrúa.

Þar sem félagatala er 61-120, tvo fulltrúa.

Þar sem félagatala er 121-180, þrjá fulltrúa.

Þar sem félagatala er 181-240, fjóra fulltrúa, o.s.frv.

Auk kjörinna fulltrúa eiga stjórn sambandsins og starfsmenn þess málfrelsi og tillögurétt, svo og allir félagsmenn aðildarfélaga. Atkvæðisrétt hafa aðeins kjörnir fulltrúar. Þó skal enginn fara með nema eitt atkvæði.

Aðalfundur er lögmaður ef helmingur kjörinna fulltrúa er mættur ásamt meirihluta stjórnar sambandsins. Afl atkvæða ræður úrslitum. Þó þarf 2/3 hluta greiddra atkvæða á lögmaður aðalfundi til þess að lagabreytingar hljóti löglega afgreiðslu, enda hafi tillaga að lagabreytingu verið send út með fundarboði.

Auka fulltrúafund skal halda ef helmingur stjórnarmanna eða einn þriðji hluti kjörinna fulltrúa krefst þess.

9. gr.

Á aðalfundi skal stjórnin leggja fram til umræðu og afgreiðslu:

1. Reikninga sambandsins fyrir undanfarið ár, áritaða af skoðunarmönnum.
2. Skýrslu um starfsemi sambandsins undanfarið ár.
3. Fjárhagsáætlun fyrir yfirstandandi reikningsár.
4. Kjósa trúnaðarmenn samkvæmt 7. grein.
5. Kosið skal til Búnaðarþings samkvæmt 6. grein.

10. gr.

Stjórn Búnaðarsambandsins er heimilt að kjósa heiðursfélaga. Hvorki aðalfundur né aðrir opnir fundir eru ályktunarfærir um kjör heiðursfélaga. Fjöldi heiðursfélaga skal stilla mjög í hóf. Við kjör heiðursfélaga skal afhenda heiðursskjál undirritað af stjórnarmönnum sambandsins. *Heiðursfélögum skal boðið að taka þátt í öllum hátíðarfundum sambandsins. Þeir skulu einnig boðaðir á aðalfund sambandsins og hafa þar málfrelsi og tillögurétt.*

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar þau hafa verið samþykkt af aðalfundi Búnaðarsambands Suðurlands.

12. gr.

Ákvæði til bráðabirgða: Félagsmenn Búnaðarsambands Suðurlands úr Austur-Skaftafellssýslu skulu ganga formlega frá félagsuppbyggingu sinni til samræmis við lög Búnaðarsambands Suðurlands fyrir aðalfund 2023. Fram til þess tíma fer Búnaðarsam-

band Austur-Skaftfellinga með hlutverk aðildarfélags fyrir hönd félagsmanna í Austur-Skaftafellssýslu, í samræmi við lög Búnaðarsambands Suðurlands. Að þeim tíma liðnum fellur þetta ákvæði niður. Tillagan borin upp og samþykkt samhljóða án umræðu.

Tillaga nr.2 - frá fjárhagsnefnd

Aðalfundur Búnaðarsambands Suðurlands haldinn að Hótel Dyrhólaey 8. mars 2022 samþykkir að árgjald til Búnaðarsambands Suðurlands fyrir árið 2022 verði kr. 6.000 á hvern félagsmann. Tillagan borin upp og samþykkt samhljóða án umræðu.

Tillaga nr. 3 - frá fjárhagsnefnd

Aðalfundur Búnaðarsambands Suðurlands haldinn að Hótel Dyrhólaey 8. mars 2022 samþykkir að þóknun aðalfundarfulltrúa miðist við sem svarar einföldum dagpeningum ríkisstarfsmanna þ.e. kr. 13.000. Tillagan borin upp og samþykkt samhljóða án umræðu.

Tillaga nr. 4 - frá fjárhagsnefnd

Aðalfundur Búnaðarsambands Suðurlands haldinn að Hótel Dyrhólaey 8. mars 2022 samþykkir að laun stjórnarmanna verði kr. 10.000 fyrir hvern stjórnarfund auk dagpeninga samkvæmt ríkistaxta og aksturs kr. 80 pr.km. Formaður fái tvöföld laun og dagpeninga á við aðra stjórnarmenn auk aksturs kr. 80 pr.km. Formaður fái að auki eingreiðslu sem nemur kr. 300.000 á ári.

Pétur Guðmundsson, Hvammi ræddi um hvort eingreiðslan væri of lág, miðað við þá vinnu sem formaður legði til. Ekki kom þó nein breytingartillaga svo tillagan borin upp og samþykkt samhljóða.

Tillaga nr. 5 - frá fjárhagsnefnd

Aðalfundur Búnaðarsambands Suðurlands haldinn að Hótel Dyrhólaey 8. mars 2022 samþykkir fyrirbyggjandi fjárhagsáætlun Búnaðarsambands Suðurlands fyrir árið 2022. Tillagan borin upp og samþykkt samhljóða án umræðu.

Tillaga nr. 6 - frá allsherjarnefnd

Aðalfundur Búnaðarsambands Suðurlands haldinn að Hótel Dyrhólaey þann 8.3. 2022 skorar á stjórn Búnaðarsambands Suðurlands að hafa milligöngu um að bjóða nemendum á háskólastigi LbhÍ að nota aðstöðu og þekkingu sem til staðar er á Stóra Ármóti fyrir sín verkefni.

Greinargerð:

Þegar nemendur velja verkefni á háskólastigi fá þeir hugmyndir m.a. úr nærsamfélagi skólans t.d. frá kennurum. Með íhlutun frá rannsóknarstöð eins og Stóra Ármóti mætti leggja inn þarfagreiningu fyrir búgreinar sem hægt er að stunda og rannsaka á stöðinni. Slík greining gæti gefið nemendum nýjar hugmyndir. Tillagan borin upp og samþykkt samhljóða.

Tillaga nr. 7 - frá allsherjarnefnd

Aðalfundur Búnaðarsambands Suðurlands haldinn að Hótel Dyrhólaey þann 8.3. 2022 skorar á stjórn Búnaðarsambands Suðurlands að leita áfram allra leiða til að efla rannsóknir og nýsköpun á Suðurlandi og nýta til þess t.d. hagnað af hlunnindum á Stóra Ármóti.

Tillagan borin upp og samþykkt með þorra atkvæða og einn á móti.

Tillaga nr. 8 - frá allsherjarnefnd

Aðalfundur Búnaðarsambands Suðurlands haldinn að Hótel Dyrhólaey þann 8.3. 2022 skorar á stjórn Búnaðarsambands Suðurlands að efla áhuga fólks í bændastétt á félagsstörfum fyrir bændur. Tillagan borin upp og samþykkt samhljóða.

Umræður um tillögur nr. 5, 6 og 7 voru nokkrar og mikill hugur í fólki að efla rannsóknir og nýsköpun sem og efla áhuga fólks á félagsstörfum.

Tillaga nr. 9 - frá Búnaðarfélagi Hraungerðis-hrepps

Aðalfundur Búnaðarsambands Suðurlands haldinn að Hótel Dyrhólaey þann 8.3. 2022 skorar á stjórn Búnaðarsambands Suðurlands að stofna Vísinda- og rannsóknarsjóð. Í hann renni hlunninatekjur Stóra Ármóts.

Tilgangur sjóðsins er að efla rannsóknir og vísindalegt starf á Stóra Ármóti og eftir atvikum á starfssvæði BSSL.

Sigurður Loftsson, Steinsholti. Við viljum öll efla rannsóknir og vísindastarf. Það er okkur öllum mikilvægt að nýta aðstöðuna á Stóra Ármóti. Það eru lögboðnir aðilar sem ber skylda til að standa fyrir og stuðla að rannsóknarstarfi og það á ekki að láta það líðast að þeir komist undan þeim skyldum sem þeim ber og þessi aðili er Landbúnaðarháskóli Íslands. Ég velti því fyrir mér hversu gott það er að binda fjármuni frá okkar félagi í þetta starf og legg því til að tillögunni verði vísað frá.

Borin var upp frá vísunartillaga sem var samþykkt af 17 greiddum atkvæðum og 3 á móti.

13. Kosningar.

Kosið um 2 stjórnarmenn og 2 í varastjórn úr Skaftafellssýslum

Gunnar Sigurjónsson Litla-Hofi, Örafum býður sig fram í stjórn BSSL fyrir hönd Austur-Skaftafellssýslu og Anna Sigurbjörg Sævarsdóttir, Miðskeri býður sig fram sem varamann.

Björn Snorrason, Kálfafelli býður sig fram til áframhaldandi setu í stjórn BSSL og Magnús Örn Sigurjónsson, Pétursey býður sig fram sem varamann. Þessir aðilar í stjórn voru kosnir með lófaklappi.

Kosið um 1 fulltrúa á Búnaðarþing fyrir Árnes- og Rangárvallasýslu og 1 fulltrúa úr Skaftafellssýslum.

Gunnar Kr. Eiríksson, Túnsbergi var kosinn fulltrúi Árnes- og Rangárvallasýslu og Páll Eggertsson, Arngeirsstöðum til vara.

Pálína Pálsdóttir, Mýrum var kosinn fulltrúi Skaftafellssýslu og til vara Elín Heiða Valsdóttir, Úthlíð.

Kosið um skoðunarmenn reikninga til tveggja ára.

Stungið var upp á þeim Valdimar Guðjónssyni, Gaulverjabæ og Jóhanni Nikulássyni, Stóru-Hildisey 2 og til vara Pétur Guðmundsson, Hvammi og Aðalbjörg Ásgeirsdóttir, Stóru-Mörk.

Samþykkt með lófaklappi.

14. Önnur mál

Sigurður Loftsson, Steinsholti vill að við beinum kastljósum okkar að fæðuöryggi, vegna stríðsins í Úkraínu sem nú stendur yfir og tillaga nr. 10 varð til út frá þeirri umræðu.

Tillaga nr. 10

Aðalfundur Búnaðarsambands Suðurlands haldinn á Hótel Dyrhólaey þann 8.3.2022 skorar á ríkisstjórn í samráði við BÍ að hraða gerð fæðuöryggisstefnu fyrir Ísland með sérstakri áherslu á áhættu vegna átaka sem nú ríkjast í Evrópu. Í framhaldi verði strax sett upp aðgerðaráætlun sem taki til aukinnar framleiðslu og sjálfbærni íslenskrar matvælaframleiðslu



Myndir úr Austur-Skaftafellssýslu, Staðarfjall til vinstri og Illikambur til hægri

Ljósmyndir: Helga Sigurðardóttir

og aðfanga vegna hennar. Jafnframt verði tryggt fjármagn til rannsókna og innviðaupbyggingar vegna þessa. Þegar búið var að ræða mikilvægi hennar með örlitlum breytingum var hún borin upp og samþykkt.

Trausti Hjálmarsson, Austurhlíð upplýsti fundinn um að Kristján Þór Júlíusson, þáverandi ráðherra landbúnaðarmála, setti af stað vinnu við skýrslu um fæðuöryggi. LbhÍ var falinn sú vinna og var stefnan að skila þeirri skýrslu í haust svo vinna er í gangi um þessa skýrslu.

Óskar hann öllum til hamingju með kosninguna og býður Austur-Skaftafellinga velkomna í sambandið. Við þurfum að muna að læra af því sem við sjáum í baksýnisspeglinum en ekki staldra við hann, heldur horfa fram á veginn.

Það var minnst á það í dag að erfitt væri að fá ungt fólk í félagsstörf bænda, en á nýafstöðnu búgreinaþingi tók ég eftir að þar var mikið af ungu fólki. Við bændur erum líka opnari fyrir fjarfundum en áður, covid kenndi okkur það.

Berglind Hilmarisdóttir, Núpi óskar nýjum fulltrúum til hamingju með kjörið, en óskar eftir því að þeir sem gefa kost á sér geri betur grein fyrir sér. Það eru ekki allir sem koma á þessa fundi sem þekkja alla og því mikilvægt að fólk kynni sig með nafni og geri grein fyrir sér.

Ragnar Lárusson býður Austur-Skaftafellinga velkomna til samstarfs við okkur. Hann þakkar fyrir góðan fund og fyrir það sem BSSL hefur gert fyrir hann í gegnum tíðina.

15. Fundarslit, Gunnar Kr. Eiríksson

Gunnar Kr. Eiríksson þakkar fundarmönnum, fundarstjóra og riturum góðan fund og býður Austur-Skaftafellinga velkomna, að lokum óskar hann fundarmönnum góðrar heimferðar.

Fundið slitið kl: 17:31

Helga Sigurðardóttir og Björg Agnarsdóttir.

Aðalfundur BSSL 2022 - fulltrúar

Félag	Nafn	Heimili
Búnaðarfélag Austur-Eyjafjallahrepps	Magðalena Jónsdóttir	Drangshlíðardal
Búnaðarfélag Austur-Landeyjahrepps	Jóhann Nikulásson	Stóra-Hildisey 2
Búnaðarfélag Álftavers	Pálína Pálsdóttir	Mýrum
<i>Búnaðarfélag Ásahrepps</i>	<i>Enginn mættur</i>	
Búnaðarfélag Bláskógabyggðar	Daniel Pálsson	Hjálmstöðum
	Trausti Hjálmarsson	Austurhlíð 2
<i>Búnaðarfélag Djúpárhrepps</i>	<i>Enginn mættur</i>	
Búnaðarfélag Dyrhólahrepps	Magnús Örn Sigurjónsson	Pétursey
<i>Búnaðarfélag Eyrabakka</i>	<i>Enginn mættur</i>	
Búnaðarfélag Fljótshlíðahrepps	Páll Eggertsson	Arngeirsstaðir
<i>Búnaðarfélag Gaulverjabæjarhrepps</i>	<i>Enginn mættur</i>	
Búnaðarfélag Gnúpverjahrepps	Sigurður Loftsson	Steinsholt 1
<i>Búnaðarfélag Grímsneshrepps</i>	<i>Enginn mættur</i>	
Búnaðarfélag Holtahrepps	Daniel Magnússon	Akbraut
Búnaðarfélag Hraugerðishrepps	Skeggi Gunnarsson	Skeggjastöðum
<i>Búnaðarfélag Hrunamannahrepps</i>	<i>Enginn mættur</i>	
<i>Búnaðarfélag Hvammshrepps</i>	<i>Enginn mættur</i>	
<i>Búnaðarfélag Hvollhrepps</i>	<i>Enginn mættur</i>	
Búnaðarfélag Hörgslandshrepps	Björn Helgi Snorrason	Kálfafelli
Búnaðarfélag Kirkjubæjarhrepps	Þórarinn Bjarnason	Þykkvibær 1
Búnaðarfélag Landsveitar	Sigurður Sæmundsson	Skeiðvellir
<i>Búnaðarfélag Leiðvallahrepps</i>	<i>Enginn mættur</i>	
<i>Búnaðarfélag Rangárvallahrepps</i>	<i>Enginn mættur</i>	
Búnaðarfélag Sandvíkurhrepps	Ari Páll Ögmundsson	Stóra-Sandvík
Búnaðarfélag Skaftártunguhrepps	Elin Heiða Valsdóttir	Úthlíð
<i>Búnaðarfélag Skeiðahrepps</i>	<i>Enginn mættur</i>	
<i>Búnaðarfélag Stokkseyrarhrepps</i>	<i>Enginn mættur</i>	
Búnaðarfélag Vestur-Eyjafjallahrepps	Eyvindur Ágústsson	Stóra-Mörk 3
<i>Búnaðarfélag Vestur-Landeyjarhrepps</i>	<i>Enginn mættur</i>	
Búnaðarfélag Villingaholtshrepps	Reynir Þór Jónsson	Hurðarbaki
Búnaðarfélag Ölfushrepps	Kjartan Þ Ólafsson	Hlöðutún
Félag kúabænda á Suðurlandi	Aðalbjörg Rún Ásgeirsdóttir	Stóru-Mörk 3
	Berglind Hilmarsdóttir	Núpur 3
	Pétur Benedikt Guðmundsson	Hvammur
	Borghildur Kristinsdóttir	Skarð
Félag sauðfjábænda í Árnassýslu	Magnús Helgi Loftsson	Högnastíg 4
	Jökull Helgason	Ósabakka
Félag sauðfjábænda í Rangárvallasýslu	Hulda Brynjólfsdóttir	Tyrfringsstöðum
	Stefán Þór Sigurðsson	Þjóðólfshagi 2
Félag sauðfjábænda í V-Skaftafellssýslu	Sigurjón Fannar Ragnarsson	Þykkvabæ 3
<i>Loðdýraræktarfélag Suðurlands:</i>	<i>Enginn mættur</i>	
Búnaðarsamband Austur-Skaftafellssýslu	Anna Sigurbjörg Sævarsdóttir	Miðskeri
	Gunnar Sigurjónsson	Litla-Hofi
Fjöldi fulltrúa í allt 42 (44 með A-Skaft)	Mættir fulltrúar 27	

Tafla: Fjöldi félaga og fulltrúar á aðalfundi Búnaðarsambands Suðurlands 2022



Lög Búnaðarsambands Suðurlands

Samþykkt á aðalfundi 8. mars 2022

1.gr.

Búnaðarsamband Suðurlands, skammstafað BSSL, er samband búnaðar- og búgreinafélaga sem starfa í Árnes-, Rangárvalla- og Skaftafellssýslum. Það er aðili að Bændasamtökum Íslands. Heimili og varnarþing þess er á Selfossi.

2.gr.

Aðild að Búnaðarsambandinu geta átt þeir einstaklingar og lögaðilar, sem þess óska og stunda búrekstur í atvinnuskyni, enda séu þeir félagar í aðildarfélagi, sbr.1. gr

Aðild einstaklinga skal óháð því hvort þeir stunda búrekstur í eigin nafni eða annarra. Undir búrekstur fellur hverskonar búfjárrækt, jarðrækt, skógrækt, garðrækt og ylrækt. Einnig eftirfarandi starfsemi fari hún fram á starfsvæðinu:

Eldi og veiðar vatnafiska, nýting hlunninda, framleiðsla, úrvinnsla og þjónusta. Búnaðarsambandið skal halda skrá yfir aðildarfélög sín og samræmda félagaskrá yfir alla félagsmenn þeirra, svo og skrá yfir fullgilda félagsmenn Búnaðarsambandsins.

3.gr.

Tilgangur Búnaðarsambandsins er að vera heildarsamtök sunnlenskra bænda og vera í forsvari fyrir sunnlenskan landbúnað.

Efla hvers konar framfarir í landbúnaði, gæta hagsmuna og auka hagsæld þeirra sem landbúnað stunda

Að framfylgja á hverjum tíma gildandi löggjöf um íslenskan landbúnað í samstarfi við þá aðila sem annast framkvæmd slíkra laga.

4.gr.

Búnaðarsambandið hyggst ná tilgangi sínum með því að:

- Vera í forsvari fyrir sunnlenskan landbúnað, koma fram fyrir hans hönd og annast kynningu á honum og standa vörð um hagsmuni sunnlenskra bænda.
- Reka ýmis konar þjónustu fyrir bændur, eftir því sem þörf er fyrir á hverjum tíma.
- Styðja hvers konar félagslega starfsemi í héraðinu sem stuðlar að framförum í landbúnaði.
- Annast miðlun fróðleiks og kynningarefnis eftir því sem henta þykir á hverjum tíma.
- Vera tengiliður aðildarfélaganna og félagsmanna við Bændasamtök Íslands. Sjá um kosningu til Búnaðarþings og önnur þau hlutverk sem kveðið er á um í samþykktum Bændasamtaka Íslands.

f) Annast ýmiss konar umsóknir, eftirlit, umsjón, úttektir og vottun eftir því sem lög og reglur kveða á um.

g) Sjá um rekstur þeirra fyrirtækja sem eru í eigu Búnaðarsambandsins og annast eignir þær, sem eru innan vébanda þess.

5.gr.

Heimilt er Búnaðarsambandinu að innheimta árgjald af félagsmönnum og skal upphæð þess ákveðin á aðalfundi sambandsins fyrir yfir standandi ár. Gjaldið má innheimta beint af félagsmönnum eða gegnum aðildarfélögin. Gjaldi þessu skulu félagsmenn skila fyrir 1. desember ár hvert. Heimilt er að víkja félagsmanni úr Búnaðarsambandinu hafi hann ekki staðið skil á árgjaldi ári eftir álagningu.

Reikningsár Búnaðarsambandsins er almanaksárið.

6.gr.

Á aðalfundi skal kjósa tvo fulltrúa til setu á Búnaðarþingi og jafn marga til vara. Skal einn fulltrúi kosinn úr Skaftafellssýslum og einn úr Árnes- og Rangárvallasýslum. Sami háttur skal hafður með kjör varamanna. Kjörgengi til Búnaðarþings hafa einungis þeir félagar Búnaðarsambandsins sem uppfylla aðild að Bændasamtökum Íslands, samkvæmt staflíð a og b í 3.gr samþykta Bændasamtaka Íslands. Falli atkvæði jöfn skal hlutkesti ráða

7.gr.

Stjórn Búnaðarsambandsins skal skipuð sex mönnum. Formaður, varaformaður, ritari og þrír meðstjórnendur. Kosnir skulu jafnmargir til vara. Stjórn og varastjórn skal þannig skipuð: Úr Austur-Skaftafellssýslu einn stjórnarmaður, úr Vestur-Skaftafellssýslu einn, úr Rangárvallasýslu tveir og úr Árnessýslu tveir. Stjórnarmenn og varamenn þeirra skulu kosnir til þriggja ára, þannig að Árnesingar skulu kosnir eitt árið, Rangæingar annað árið og Skaftfellingar hið þriðja.

Tveir skoðunarmenn reikninga skulu kosnir til tveggja ára í senn og tveir til vara.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Hún ræður framkvæmdastjóra, er sér um daglegan rekstur sambandsins, reikningshald og ráðningu starfsfólks í samráði við stjórn sambandsins. Falli atkvæði jöfn innan stjórnar við afgreiðslu mála, ræður atkvæði formanns niðurstöðu.

8.gr.

Æðsta vald Búnaðarsambandsins er aðalfundur, skal hann haldinn árlega og eigi síðar en þremur vikum fyrir Búnaðarþing. Skal boða til hans með minnst hálfmánaðar fyrirvara. Á aðalfundi eiga sæti kjörnir fulltrúar félaga sem aðalfundur Búnaðarsambands Suðurlands hefur samþykkt sem aðildarfélög.

Hvert aðildarfélag á rétt á fulltrúum sem hér segir:

Þar sem félagatala er allt að 60, einn fulltrúa.

Þar sem félagatala er 61-120, tvo fulltrúa.

Þar sem félagatala er 121-180, þrjú fulltrúa.

Þar sem félagatala er 181-240, fjóra fulltrúa, o.s.frv.

Auk kjörinna fulltrúa eiga stjórn sambandsins og starfsmenn þess málfrelsi og tillögurétt, svo og allir félagsmenn aðildarfélaga. Atkvæðisrétt hafa aðeins kjörnir fulltrúar. Þó skal enginn fara með nema eitt atkvæði.

Aðalfundur er lögmætur ef helmingur kjörinna fulltrúa er mættur ásamt meirihluta stjórnar sambandsins. Afl atkvæða ræður úrslitum. Þó þarf 2/3 hluta greiddra atkvæða á lögmætum aðalfundi til þess að lagabreytingar hljóti löglega afgreiðslu, enda hafi tillaga að lagabreytingu verið send út með fundarboði.

Auka fulltrúafund skal halda ef helmingur stjórnarmanna eða einn þriðji hluti kjörinna fulltrúa krefst þess.

9. gr.

Á aðalfundi skal stjórnin leggja fram til umræðu og afgreiðslu:

1. Reikninga sambandsins fyrir undanfarið ár, áritaða af skoðunarmönnum.
2. Skýrslu um starfsemi sambandsins undanfarið ár.
3. Fjárhagsáætlun fyrir yfirstandandi reikningsár.
4. Kjósa trúnaðarmenn samkvæmt 7. grein.
5. Kosið skal til Búnaðarþings samkvæmt 6. grein.

10.gr.

Stjórn Búnaðarsambandsins er heimilt að kjósa heiðursfélaga. Hvorki aðalfundur né aðrir opnir fundir eru ályktunarfærir um kjör heiðursfélaga. Fjöldi heiðursfélaga skal stilla mjög í hóf. Við kjör heiðursfélaga skal afhenda heiðursskjal undirritað af stjórnarmönnum sambandsins. Heiðursfélögum skal boðið að taka þátt í öllum hátíðarfundum sambandsins. Þeir skulu einnig boðaðir á aðalfund sambandsins og hafa þar málfrelsi og tillögurétt.

11.gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar þau hafa verið samþykkt af aðalfundi Búnaðarsambands Suðurlands.



Mynd: Askur frá Kirkjubæjarklaustri 19-882.

Ljósmynd Halla Eygló Sveinsdóttir

Búnaðarsamband Suðurlands

Ársreikningur

2022

Búnaðarsamband Suðurlands

Austurvegi 1

800 Selfoss

Kt. 490169-6609

Efnisyfirlit

Bls.

Áritun um faglega aðstoð	2
Undirritun skoðunarmanna	2
Skýrsla stjórnar	3
Rekstrarreikningur	4
Efnahagsreikningur	5
Sjóðstreymi	6
Skýringar	7

Búnaðarsamband Suðurlands
Kt. 490169-6609,
Austurvegi 1, 800 Selfoss

Fagleg aðstoð við gerð ársreiknings

Við höfum veitt faglega aðstoð við gerð ársreiknings Búnaðarsamband Suðurlands fyrir árið 2022 og byggt á þeim upplýsingum sem stjórnendur félagsins hafa lagt fram. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar.

Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur.

Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar í samræmi við leiðbeinandi reglur Félags löggiltra endurskoðenda um gerð óendurskoðaðra reikningsskila. Í samræmi við þær reglur fólst aðstoð okkar í því að aðstoða við að setja fram ársreikninginn í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju og höfum við í því sambandi tekið ákveðna liði hans til skoðunar.

Endurskoðun eða könnun ársreikningsins hefur ekki farið fram og því er ekki látið í ljós álit á honum.

Selfossi, 2. mars 2023

Áland sf


Þórir Ólafsson,
endurskoðandi

Undirritun skoðunarmanna

Við undirritaðir skoðunarmenn Búnaðarsamband Suðurlands höfum yfirfarið ársreikning sambandsins fyrir árið 2022. Við teljum ársreikninginn vera í samræmi við lög og reglur og samþykktir sambandsins og leggjum til að hann verði samþykktur.

Selfossi, 27. febrúar 2023


Aðalbjörg Ásgeirsdóttir


Valdimar Guðjónsson

Skýrsla stjórnar

Meginstarfsemi félagsins

Búnaðarsamband Suðurlands er samband búnaðar- og búgreinafélaga sem starfa að einhverju eða öllu leyti í Árnessýslu, Rangárvallasýslu og Skaftafellssýslum. Það er aðili að Bændasamtökum Íslands.

Starfsemin á árinu

Ársreikningur félagsins er gerður samkvæmt almennum reikningskilaaðferðum á grundvelli laga um ársreikninga.

Það er álit stjórnar sambandsins að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun félagsins, komi fram í ársreikningnum.

Á árinu 2022 var ársveltan Búnaðarsambands Suðurlands kr. 62,6 milljónir og afkoma kr. -3,8 milljónir en afkoma fyrir hlutdeild í afkomu dótturfélaga er kr. -2,1 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 274,6 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 294,3 milljónir.

Í skýringu 5 á bls. 10 eru upplýsingar um opinbert mat fasteignar félagsins.

Rekstrar- og efnahagsreikningur samstæðu Búnaðarsambands Suðurlands er í skýringum, bls. 13-14.

Stjórn sambandsins leggur til að afkoma ársins verði færð á eigið fé eins og fram kemur í skýringu 8 á bls. 11 varðandi meðferð rekstrarniðurstöðu.

Framtíðarhorfur

Gert er ráð fyrir að rekstur sambandsins og dótturfélaga á árinu 2023 verði með svipuðu sniði og undangengið ár.

Stjórn og framkvæmdastjóri Búnaðarsambands Suðurlands staðfesta hér með ársreikning sambandsins fyrir árið 2022 með áritun sinni.

Selfossi, 2. mars 2023,

Í stjórn:


Gunnar Kr. Eiríksson


Hulda Brynjólfsson


Páll Eggertsson


Helgi Eggertsson


Gunnar Sigurjónsson


Björn H. Snorrason

Framkvæmdastjóri


Sveinn Sigurmundsson

Rekstrarreikningur ársins 2022

	Skýr	2022	2021
Rekstrartekjur samtals			
Seld þjónusta og afurðir		36.130.316	31.907.388
Starfsfé		14.033.233	12.611.378
Aðrar tekjur		12.442.440	12.292.000
Rekstrartekjur samtals		62.605.989	56.810.766
Rekstrargjöld			
Rekstarvörur		1.404.510	249.453
Laun og annar starfsmannakostnaður	2	30.939.065	27.527.486
Bifreiða og ferðakostnaður		3.450.614	3.436.564
Annar rekstrarkostnaður		29.669.067	26.828.793
Afskriftir		1.755.600	2.091.579
		67.218.856	60.133.875
Rekstrarhagnaður (-tap)		(4.612.867)	(3.323.109)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur og verðbætur		4.668.269	3.038.876
Markaðsverðbréf		(2.035.946)	4.811.487
Vaxtagjöld og verðbætur		(164.755)	(22.627)
	3	2.467.568	7.827.736
Hagnaður (tap) fyrir hlutdeildartekjur		(2.145.299)	4.504.627
Áhrif af rekstri dótturfélaga (neikvæð)		(1.935.966)	7.380.966
Hagnaður (tap) fyrir skatta		(4.081.265)	11.885.593
Tekjuskattur (lækkun)		(278.894)	942.690
Hagnaður (tap) ársins		(3.802.371)	10.942.903

Efnahagsreikningur 31. desember 2022

	Skýr	31.12.2022	31.12.2021
Eignir			
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	4		
Fasteignir og lóðir		10.476.205	12.093.937
Bifreiðar, áhöld og tæki		1.367.016	1.504.884
		<u>11.843.221</u>	<u>13.598.821</u>
Varanlegir rekstrarfjármunir samtals		11.843.221	13.598.821
Áhættufjármunir og langtímakröfur:	5		
Fjárfestingaverðbréf		229.832	229.832
Dótturfélög		107.036.876	108.020.842
		<u>107.266.708</u>	<u>108.250.674</u>
Fastafjármunir samtals		119.109.929	121.849.495
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur	6	7.492.412	4.236.023
Tengdir aðilar	11	88.749.510	88.351.939
Aðrar kröfur og fyrirframgr. kostnaður	6	5.705.962	23.656
Markaðsverðbréf	7	63.712.937	65.763.122
Handbært fé	6	9.493.255	12.558.721
		<u>175.154.076</u>	<u>170.933.461</u>
Eignir samtals		<u>294.264.005</u>	<u>292.782.956</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	8		
Óráðstafað eigið fé		274.612.052	277.462.423
		<u>274.612.052</u>	<u>277.462.423</u>
Skuldir			
Skuldbindingar:			
Tekjuskattsskuldbinding	9	5.951.456	6.230.350
Skammtímaskuldir:			
Tengdir aðilar	11	1.809.774	0
Viðskiptaskuldir	10	1.851.990	598.531
Ýmsar skammtímaskuldir	10	10.038.733	8.491.652
		<u>13.700.497</u>	<u>9.090.183</u>
Skuldir samtals		19.651.953	15.320.533
Eigið fé og skuldir samtals		<u>294.264.005</u>	<u>292.782.956</u>
Aðrar upplýsingar	12		

Sjóðstreymi ársins 2022

	Skýr	2022	2021
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Hagnaður ársins		(3.802.371)	10.942.903
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	4	1.755.600	2.091.579
Hlutdeild í afkomu dótturfélaga		1.935.966	(7.380.966)
Tekjuskattskuldbinding		(278.894)	942.690
		<u>(389.699)</u>	<u>6.596.206</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur		(8.938.695)	(2.810.403)
Hækkun rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		2.800.540	(410.504)
		<u>(6.138.155)</u>	<u>(3.220.907)</u>
Handbært fé frá rekstri		<u>(6.527.854)</u>	<u>3.375.299</u>
Fjárfestingahreyfingar			
Breyting á hlutabréfum		2.050.185	(4.801.733)
		<u>2.050.185</u>	<u>(4.801.733)</u>
Fjármögnunarahreyfingar			
Skammtímalán, breyting		1.412.203	(4.560.719)
		<u>1.412.203</u>	<u>(4.560.719)</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		(3.065.466)	(5.987.153)
Handbært fé í byrjun árs		12.558.721	18.545.874
Handbært fé í árslok		<u>9.493.255</u>	<u>12.558.721</u>
Aðrar upplýsingar			
Innborganir (útgreiðslur) í sjóðstreymi greinast þannig:			
Greiddir vextir og verðbætur ársins		164.755	22.627
Innborgaðar vaxtatekjur		154.590	3.038.876

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

1.1 Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Markaðsverðbréf eru færð á markaðsverði í árslok að teknu tilliti til niðurfærslu. Að öðru leyti er ársreikningurinn byggður á kostnaðarverðsreglu reikningsskila. Gerð er hér grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum, sem í meginatriðum eru þær sömu og árið á undan.

Við gerð samstæðuefnahags og rekstrarreiknings er innbyrðis eignum og skuldum ásamt hreyfingum í rekstrarreikningi eytt út í samræmi við reglum um gerð samstæðureikningsskila.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í góðri reikningsskilavenju en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

1.2 Innlausn tekna

Tekjur í rekstrarreikningi samanstanda af sölu á vöru og þjónustu að frádregnum virðisaukaskatti og afsláttum auk framlaga og félagsgjalda. Tekjur af vöru og þjónustusölu eru færðar við afhendingu. Framlög og starfsfé eru færð við móttöku.

1.3 Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu skuldabréfaeignar og vaxtatekjur vegna bankainnistæðna og viðskiptakrafna eru tekjufærðar nema vafi leiki á um innheimtu þeirra.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ÍSK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í rekstrarreikning sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í lok ársins.

1.4 Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum.

Afskriftir eru reiknaðar samkvæmt beinlínuaðferð þannig mismunur á kostnaðar-/endurmetnu verði og hrakvirði færast til gjalda á áætluðum endingartíma eignanna, sem er sem hér segir:

Fasteign	33 ár
Bifreiðar	5-8 ár
Áhöld og búnaður	5-7 ár

Hagnaður/tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söluþegi og er hluti af rekstrarhagnaði (-tapi).

1.5 Eignarhlutar í dótturfélögum

Dótturfélög eru félög þar sem móðurfélagið fer með yfirlit. Yfirlit eru til staðar þegar móðurfélagið hefur vald til ákvörðunartöku um fjármál og rekstur dótturfélagsins. Eignarhlutar móðurfélags í dótturfélögum er færðir samkvæmt hlutdeildaraðferð og er hlutdeild í afkomu færð til tekna í rekstrarreikningi. Tap dótturfélaga umfram hlutdeild er aðeins gjaldfært hafi félagið gengist í ábyrgð eða stofnað til skuldbindinga fyrir þeirra hönd.

Í samstæðuefnahags og -rekstrarreikningi er innbyrðis eignum og skuldum eytt út, þmt. eignarhlutar í félögum.

Skýringar

1.6 Verð- og gengistryggðar eignir og skuldir

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á því gengi sem síðast var skráð á árinu. Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar miðað við vísitölur sem tóku gildi í janúar 2018. Áfallinn gengismunur og verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í rekstrarreikning.

1.7 Fjárfestingarverðbréf

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

1.9 Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádraginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bóku sambandsins.

1.10 Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

1.11 Tekjuskattur

Mismunur reiknaðs tekjuskatts samkvæmt rekstrarreikningi og þess tekjuskatts, sem reiknast af skattskyldum hagnaði ársins og fellur til greiðslu á næsta reikningsári, færirst til skuldar í efnahagsreikningi sem tekjuskattskuldbinding eða -inneign. Mismunur þessi stafar af því að skattskyldur hagnaður samkvæmt skattframtali miðast við aðrar forsendur heldur en hagnaður fyrir skatta samkvæmt rekstrarreikningi, og er þar í meginatriðum um að ræða tímamismun vegna innlausnar tekna og gjalda.

Tekjuskattskuldbindingin svarar að jafnaði til þess tekjuskatts, sem eftir gildandi skattalögum kæmi til greiðslu, ef eignir félagsins væru seldar eða innleystar á bókfærðu verði.

1.12 Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

	2022	2021
2. Laun og annar starfsmannakostnaður		
Laun og annar starfsmannakostnaður greinast þannig:		
Vinnulaun	24.677.275	21.907.077
Tryggingagjald	1.893.172	1.618.960
Mótframlag í lífeyrissjóð	3.288.686	2.921.724
Sjúkra og orlofssjóðir	448.028	406.012
Áunnið orlof	391.974	264.198
Annar starfsmannakostnaður	239.930	409.515
	<u>30.939.065</u>	<u>27.527.486</u>
Meðalfjöldi stöðugilda	2,5	2,5

3. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:

Fjármunatekjur

Vaxtatekjur af bankainnistæðum	4.631.785	2.948.171
Aðrar vaxtatekjur	36.484	90.705
	<u>4.668.269</u>	<u>3.038.876</u>

Fjármagnsgjöld

Dráttarvextir	(164.755)	(22.627)
	<u>(164.755)</u>	<u>(22.627)</u>

Markaðsverðbréf

Markaðsverðbréf	(2.035.946)	4.811.487
	<u>2.467.568</u>	<u>7.827.736</u>

4. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig:

	Fasteignir	Bifreiðar, áhöld og tæki	Samtals
Stofnverð 1/1	54.024.134	12.037.302	66.061.436
Afskrifað 1/1	(41.930.195)	(10.532.420)	(52.462.615)
	<u>12.093.939</u>	<u>1.504.882</u>	<u>13.598.821</u>
Afskrift ársins	(1.617.732)	(137.868)	(1.755.600)
Bókfært verð 31/12	<u>10.476.207</u>	<u>1.367.014</u>	<u>11.843.221</u>
Stofnverð 31/12	54.024.134	12.037.302	66.061.436
Afskriftarhlutföll	3%	15-20%	
Fasteignamat og brunabótamat fasteignar			
	Fasteignamat hús og lóð	Brunabóta- mat	Bókfært verð
Austurvegur 1-5, Árborg	123.650.000	235.200.000	10.476.207

Skýringar

5. Eignarhlutir í öðrum félögum

Eignarhlutir í öðrum félögum greinast þannig:

Dótturfélög

	Hlutdeild	Nafnverð	Starfsemi
Stóra Ármót ehf	100%	10.000.000	Tilraunabú
Kynbótastöð ehf	100%	500.000	Kynbótastöð
Bændabókhald ehf	100%	500.000	Bókhald/ráðgjöf
		2022	2021
Staða 1/1		108.020.842	95.564.129
Matsbreyting bústofns		952.000	0
Hlutdeild í afkomu		(1.935.966)	7.380.966
		<u>107.036.876</u>	<u>108.020.842</u>
Aðrir eignarhlutir			
Stofnsjóður SS	0,00%	46.917	46.917
Hlutfé Ístex	0,00%	16.248	16.248
Hlutfé í Nautgriparæktarmiðstöð	33,33%	166.667	166.667
		<u>229.832</u>	<u>229.832</u>

Eignarhlutur í Nautgriparæktarmiðstöðinni ehf er færður á kostnaðarverði.

6. Peningalegar eignir, aðrar en markaðsverðbréf

	2022	2021
Peningalegar eignir greinast þannig:		
Viðskiptakröfur greinast þannig:		
Innlendar viðskiptakröfur	9.090.730	5.416.688
- Niðurfærsla vegna tapsáhættu	(1.598.318)	(1.180.665)
	<u>7.492.412</u>	<u>4.236.023</u>
Aðrar skammtímakröfur		
Fjármagnstekjuskattur	46.330	23.656
Aðrar skammtímakröfur, fyrirframgreiddur kostnaður	5.659.632	0
	<u>5.705.962</u>	<u>23.656</u>
Handbært fé		
Óbundnar bankainnistæður	9.485.330	12.522.648
Sjóður	7.925	36.073
	<u>9.493.255</u>	<u>12.558.721</u>

Skýringar

7. Markaðsverðbréf

	2022	2021
Markaðsverðbréf greinast þannig:		
Staða 1/1	67.105.227	62.205.499
Seld verðbréf	0	(3.000.000)
Verðbreyting	(2.092.026)	7.899.728
	<u>65.013.201</u>	<u>67.105.227</u>
Varúðarniðurfærsla 1/1	(1.342.105)	(1.244.110)
Breyting varúðarniðurfærslu	41.841	(97.995)
	<u>(1.300.264)</u>	<u>(1.342.105)</u>
Staða 31/12	<u>63.712.937</u>	<u>65.763.122</u>

8. Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum

Eigið fé 1/1 2021	266.519.520
Hagnaður ársins 2021	<u>10.942.903</u>
Eigið fé 1/1 2022	277.462.423
Hagnaður ársins 2022	(3.802.371)
Endurmat dótturfélaga	<u>952.000</u>
Eigið fé 31/12 2022	<u>274.612.052</u>

9. Tekjuskattskuldbinding

Reiknaðir skattar í efnahag eru samkvæmt skattframtali félagsins. Tekjuskattskuldbinding er uppfærð í efnahagsreikningi.

Staða 1/1 2021	(5.287.660)
Reiknaður tekjuskattur vegna ársins 2021	(942.690)
Tekjuskattur til greiðslu á árinu 2022	<u>0</u>
Tekjuskattskuldbinding 1/1 2022	(6.230.350)
Reiknaður tekjuskattur vegna ársins 2022 og önnur breyting	278.894
Tekjuskattur til greiðslu á árinu 2023	<u>0</u>
Tekjuskattskuldbinding 31/12 2022	<u>(5.951.456)</u>

Tekjuskattskuldbinding (inneign) greinist þannig á eftirfarandi liði:

	Staða 31.12.	Staða 1.1.
Varanlegir rekstrarfjármunir	31.350	166.995
Markaðsverðbréf	(8.660.027)	(9.069.230)
Aðrir liðir	<u>2.677.221</u>	<u>2.671.885</u>
	<u>(5.951.456)</u>	<u>(6.230.350)</u>

Skýringar

11. Peningalegar skuldir

	2022	2021
Viðskiptaskuldir greinast þannig:		
Innlendar viðskiptaskuldir	1.851.990	598.531
Aðrar skammtímaskuldir		
Virðisaukaskattur	3.979.288	2.880.323
Ógreiddur kostnaður og aðrir liðir	3.092.355	2.644.239
Afmælisgjafasjóður	2.967.090	2.967.090
	<u>10.038.733</u>	<u>8.491.652</u>

11. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru þeir aðilar sem hafa umtalsverð áhrif á samstæðuna, beint eða óbeint, þ.m.t. eigendur og fjölskyldur þeirra, stórir fjárfestar, lykilstarfsmenn og fjölskyldur sem og aðilar sem er stjórnad af eða eru verulega háðir félögum samstæðunnar, s.s. hlutdeildarfélög og samrekstrarfélög. Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila.

Viðskipt og stöður við tengda aðila	2022	2021
<i>Kröfur</i>		
Kröfur á dótturfélög	88.373.672	88.351.939
Kröfur á hlutdeildarfélag	375.838	0
<i>Skuldir:</i>		
Bændabókhald ehf	1.809.774	0
<i>Hlutdeild í kostnaði:</i>		
Hlutdeild dótturfélaga í rekstrarkostnaði móðurfélags	14.336.651	14.877.371
<i>Aðkeypt frá dótturfélögum:</i>		
Aðkeypt þjónusta	14.941.004	12.735.201

12. Aðrar upplýsingar

Veðsetningar

Engar veðsetningar hvíla á eignum sambandsins.

Ábyrgðir

Ábyrgðarskuldbindingar að fjárhæð kr. 3 milljónir króna hvíla á sambandinu vegna Stóra Ármóts ehf og kr. 33,3 milljónir vegna Nautgriparæktarmiðstöðvar Íslands ehf.

Skýringar

Samstæðuyfirlit rekstrar ársins 2022

Búnaðarsamband Suðurlands og dótturfélög, Kynbótastöð ehf, Bændabókhald ehf og Stóra Ármót ehf

	BSSL	Kynbótastöð	Bændabókhald	Stóra Ármót	Samtals
Rekstrartekjur samtals					
Seld þjónusta og afurðir	36.130.316	92.294.440	51.038.152	63.014.823	242.477.731
Starfsfé	14.033.233	94.617.396	0	3.870.251	112.520.880
Aðrar tekjur	12.442.440	1.801.644	138.000	12.101.947	26.484.031
Innbyrðis sala færð út					(29.277.655)
Rekstrartekjur samtals	62.605.989	188.713.480	51.176.152	78.987.021	352.204.987
Rekstrargjöld					
Rekstarvörur	1.404.510	43.587.999	0	21.594.756	66.587.265
Aðkeypt þjónusta	0	29.180.905	0	17.044.586	46.225.491
Laun og tengd gjöld	30.939.065	81.074.064	48.064.679		160.077.808
Bifreiða og ferðakostnaður	3.450.614	19.938.204	0	5.315.735	28.704.553
Annar rekstrarkostnaður	29.669.067	12.995.752	6.755.331	17.144.939	66.565.089
Innbyrðis kaup færð út	0				(29.277.655)
Afskriftir og sölutap	1.755.600	7.090.071	0	8.115.982	16.961.653
	67.218.856	193.866.995	54.820.010	69.215.998	355.844.204
Rekstrarhagnaður (tap)	(4.612.867)	(5.153.515)	(3.643.858)	9.771.023	(3.639.217)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)					
Vaxtatekjur og verðbætur	4.668.269	900.491	201.551	2.753.045	8.523.356
Markaðsverðbréf	(2.035.946)	0	0	0	(2.035.946)
Vaxtagjöld og verðbætur	(164.755)	(2.891.214)	0	(1.706.144)	(4.762.113)
	2.467.568	(1.990.723)	201.551	1.046.901	1.725.297
Hagnaður fyrir hlutdeildartekjur	(2.145.299)	(7.144.238)	(3.442.307)	10.817.924	(1.913.920)
Hlutdeildar- og dótturfélög	(1.935.966)	0	0	0	0
Hagnaður (tap) fyrir skatta	(4.081.265)	(7.144.238)	(3.442.307)	10.817.924	(1.913.920)
Tekjuskattur (lækkun)	(278.894)	0	0	2.167.345	1.888.451
Hagnaður (tap) ársins	(3.802.371)	(7.144.238)	(3.442.307)	8.650.579	(3.802.371)

Skýringar

Samstæðuefnahagsreikningur 31. desember 2022

Eignir	BSSL	Kynbótastöð	Bændabókhald	Stóra Ármót	Samtals
Fastafjármunir					
Varanlegir rekstrarfjármunir:					
Fasteignir og lóðir	10.476.205	356.140	0	46.500.359	57.332.704
Bifreiðar, áhöld og tæki	1.367.016	20.422.616	0	29.918.835	51.708.467
Óefnislegar eigir	0	0	0	186.816	186.816
Varanlegir rekstrarfjármunir samtals	11.843.221	20.778.756	0	76.606.010	109.227.987
Áhættufjármunir og langtímakröfur:					
Fjárfestingaverðbréf	229.832	0	0	47.237.870	47.467.702
Dótturfélög	107.036.876	0	0	0	107.036.876
Dótturfélög færð út					(107.036.876)
	107.266.708	0	0	47.237.870	47.467.702
Fastafjármunir samtals	119.109.929	20.778.756	0	123.843.880	156.695.689
Veltufjármunir					
Víðskiptakröfur	7.492.412	20.799.740	2.506.458	7.025.440	37.824.050
Tengdir aðilar, kröfur	88.749.510	0	1.809.774	0	90.559.284
Innbyrðis stöður færðar út					(90.559.284)
Bústofn	0	1.559.500	0	11.695.000	13.254.500
Aðrar kröfur og ffgr. kostnaður	5.705.962	422.548	102.318	1.215.184	7.446.012
Markaðsverðbréf	63.712.937	0	0	0	63.712.937
Handbært fé	9.493.255	18.352.586	750.721	21.369.882	49.966.444
	175.154.076	41.134.374	5.169.271	41.305.506	172.203.943
Eignir samtals	294.264.005	61.913.130	5.169.271	165.149.386	328.899.632
Eigið fé og skuldir					
Eigið fé					
Hlutfé og yfirverðsreikningur	0	500.000	500.000	40.000.000	41.000.000
Óráðstafað eigið fé og óinnleystur hagnaður	274.612.052	(11.665.358)	(2.640.368)	80.342.602	340.648.928
Eigið fé dótturfélaga fært út					(107.036.876)
	274.612.052	(11.165.358)	(2.140.368)	120.342.602	274.612.052
Skuldir					
Skuldbindingar:					
Tekjuskattsskuldbinding	5.951.456	0	0	7.608.685	13.560.141
Skuldir:					
Skuld við tengda aðila	1.809.774	57.951.588	0	31.291.684	91.053.046
Víðskiptaskuldir	1.851.990	10.688.521	0	3.283.372	15.823.883
Ýmsar skammtímaskuldir	10.038.733	4.438.379	7.309.639	0	21.786.751
Innbyrðis stöður færðar út					(90.559.284)
Skattar ársins	0	0	0	2.623.043	2.623.043
	13.700.497	73.078.488	7.309.639	37.198.099	40.727.439
Skuldir samtals	19.651.953	73.078.488	7.309.639	44.806.784	54.287.580
Eigið fé og skuldir samtals	294.264.005	61.913.130	5.169.271	165.149.386	328.899.632

Skýringar

Sundurliðanir, Búnaðarsamband Suðurlands

	2022	2021
Seld þjónusta		
Seld þjónusta	35.854.335	31.842.738
Sala bóka	46.526	45.990
Námskeið	229.455	18.660
	<u>36.130.316</u>	<u>31.907.388</u>
Starfsfé		
MAR vegna úttekta	5.659.632	5.659.632
Búnaðarfélag árgjöld	6.395.000	6.924.500
Annað	1.978.601	27.246
	<u>14.033.233</u>	<u>12.611.378</u>
Aðrar tekjur		
Leigutekjur	12.442.440	12.292.000
	<u>12.442.440</u>	<u>12.292.000</u>
Kostnaðarverð seldra vara		
Aðföng til endursölu	1.404.510	249.453
	<u>1.404.510</u>	<u>249.453</u>
Laun og annar starfsmannakostnaður		
Vinnulaun	23.817.275	21.047.077
Stjórnarlaun	860.000	860.000
Tryggingagjald	1.893.172	1.618.960
Mótframlag í lífeyrissjóð	3.288.686	2.921.724
Sjúkra- og orlofsjóðir	448.028	406.012
Starfsmannatryggingar	20.018	25.720
Áunnið orlof	391.974	264.198
Námskeiðskostnaður	76.900	0
Annar starfsmannakostnaður	143.012	383.795
	<u>30.939.065</u>	<u>27.527.486</u>

Skýringar

	2022	2021
Bifreiða- og ferðakostnaður		
Ferðakostnaður starfsmanna	1.341.200	1.474.400
Bifreiðaafnot	1.617.502	1.360.178
Bensín og olíur	205.522	293.598
Viðhald	122.846	92.219
Skattur og tryggingar	138.339	179.929
Ýmis kostnaður	25.205	36.240
	3.450.614	3.436.564
Annar kostnaður		
Fasteignagjöld	2.044.849	1.710.549
Vátrygging húsnæðis	240.316	195.364
Rafmagn og hiti	460.687	441.268
Ræsting og hreinlætisvörur	569.428	789.834
Viðhald húsnæðis	354.543	1.851.721
Aðkeypt þjónusta dótturfélög	14.941.004	12.735.201
Annar húsnæðiskostnaður	1.357.998	1.454.808
Áhaldakostnaður	70.378	209.020
Auglýsingar	183.260	72.223
Bókhald og reikningsskil	546.375	513.476
Fundakostnaður	2.228.581	1.550.504
Kaffistofa, mótuneyti og risna	985.945	811.144
Pappír, prentun og ritföng	362.950	201.238
Póstur og sendingarkostnaður	131.061	184.965
Sími	482.036	427.473
Sérfræðiaðstoð	320.210	0
Styrkir og framlög	279.350	131.420
Tölvukostnaður	904.744	490.026
Útgáfukostnaður, heimasíða og vefir	1.296.436	1.172.143
Niðurfærsla krafna	417.653	150.767
Þjónustugjöld og bankakostnaður	32.274	230.379
Annar kostnaður	1.458.989	1.505.270
	29.669.067	26.828.793

Búnaðarsamband Suðurlands

Hagnýtar upplýsingar

Heimilisfang:		aðalsími
Austurvegi 1, 800 Selfoss,		<u>480 1800</u>
Starfsfólk:	Netföng	Sími
Sveinn Sigurmundsson, framkvæmdastjóri, gsm 8947146	sveinn@bssl.is	480-1801
Helga Sigurðardóttir, bókhald, netsjórn, ofl.	helga@bssl.is	480-1804
Brynja Marvinsdóttir, móttaka, skráning ofl.	bssl@bssl.is	480-1800
Starfsmenn Bændabókhalds ehf. og starfsstöð		
Ólafur Þór Þórarinnsson, Selfossi	oli@bssl.is	480-1802
Anna Rúnarsdóttir, Selfossi	anna@bssl.is	480-1831
Hansína Kristjánsdóttir, Selfossi	hansina@bssl.is	480-1832
Gunnar Ríkharðsson, Selfossi	gunnar@bssl.is	480-1833
Eiríkur Jónsson, Gýgjarhólskoti	eikiblei@mi.is	486-8987
Sigrún Böðvarsdóttir, Kirkjubæjarklaustri	sigrun@bssl.is	480-1819

Stóra Ármót, bústjórar

Hilda Pálmadóttir og Höskuldur Gunnarsson, bústjórar stora-armot@internet.is

Starfsmenn Kynbótastöðvar ehf. og starfssvæði:

Úlfhéðinn Sigurmundsson 871-5563

Starfssvæði: Uppsveitir Árnessýslu, efri hluti Skeiða, bæjir í Grímsnesi og Laugardal.

Guðmundur Jón Skúlason 871-2056

Starfssvæði: Frá Selalæk á Rangárvöllum vestur að Þjórsá. Neðri hluti Árnessýslu og neðri hluti Skeiða.

Hermann Árnason 871-1410

Starfssvæði: Frá Lambhaga á Rangárvöllum og austur að Lækjarbakka í Mýrdalshreppi. Bær í Rangárþingi eystra, Mýrdalshreppi og hluti af Rangárþingi ytra.

Sigríður Böðvarsdóttir 871-4719

Starfssvæði: Skaftárhreppur.

Klaufskurður Kynbótastöðvar ehf. pantanir:

Birkir Þrastarson, Hæli 897-4482

Kynbótastöð ehf. (sauðfjársæðingar og kúasæðingar):

Sveinn Sigurmundsson, 480-1801

Minum á heimasíðuna bssl.is

